# FRÉTTABLAÐIÐ

192. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 20. ÁGÚST 2019



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hitti Angelu Merkel Þýskalandskanslara á Þingvöllum í gær þar sem þær héldu stutt ávörp í sumarbústað forsætisráðherra og áttu að því loknu fund saman. Merkel er sérstakur gestur sumarfundar leiðtoga Norðurlandanna sem fer fram í dag. Loftslagsmálin verða ofarlega á baugi á fundi dagsins og það voru þau einnig á fundi Merkel og Katrínar í gær. Einnig ræddu þær saman um stöðuna í evrópskri pólitík, ris popúlista í álfunni og jafnréttismál. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Gamall draumur að heimsækja Ísland

**Forsætisráðherra tók á móti Angelu Merkel Þýskalandskanslara og forsætisráðherrum Finnlands og Svíþjóðar í gær. Katrín ræddi loftslagsmál, jafnréttismál og stöðuna í Evrópu við kanslarann sem verður gestur sumarfundar Norðurlandaleiðtoganna í dag.**

**UTANRÍKISMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók á móti Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, við Hakið á Þingvöllum í gær þaðan sem þær gengu að sumarbústað forsætisráðherra og héldu stutt ávörp áður en þær áttu fund saman.

Forsætisráðherra sagði það heiður að fá kanslarann í heimsókn. Hún hafi boðið Merkel til Íslands þegar leiðtogarnir hittust í Berlín í fyrra. Merkel sagðist ánægð með að vera komin og að það hefði lengi verið draumur að sækja Ísland heim.

Loftslagsmál, pólitískt landslag Evrópu og jafnréttismálin voru ofarlega á baugi á leiðtogafundinum, ef marka má ávörp Katrínar og Merkel. Sagði Katrín að Merkel hefði verið einn helsti talsmaður frjálslynds lýðræðis undanfarin misseri á sama tíma og popúlískar hreyfingar hefðu verið að ryðja sér til rúms. Sagði Merkel að samskiptin við Norðurlönd skiptu miklu máli. Hún ætlaði að ræða stöðu Evrópusambandsins og stöðuna gagnvart Bandaríkjunum og minntist á að fundarstaðurinn hentaði því vel í ljósi þess að þær hittust við skil Evrópu- og Norður-Ameríkuflekanna.

> **Merkel er á landinu sem sérstakur gestur fundar forsætisráðherra Norðurlandanna sem fer fram í dag.**

Kanslarinn þýski sagði ríkisstjórn Íslands hafa sett sér metnaðarfull áform í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og það gerði forsætisráðherra sömuleiðis. Þá sagði Merkel að Þjóðverjar gætu lært ýmislegt af Íslendingum í jafnréttismálum, þeir þyrftu að spýta í lófana, og Katrín sagði kynjajafnrétti lykilatriði þegar kemur að framförum á öðrum sviðum.

Merkel kom til landsins í gær en hún er sérstakur gestur sumarfundar forsætisráðherra Norðurlanda sem fer fram í Hörpu í dag. Auk þess að taka á móti Merkel í gær hitti Katrín einnig Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, og fór með honum í heimsókn í Hellisheiðarvirkjun. Að þeirri heimsókn lokinni átti hún fund með Antti Rinne, forsætisráðherra Finnlands, í Ráðherrabústaðnum.

Að fundi Norðurlandaleiðtoganna auk leiðtoga Álandseyja og Grænlands loknum verður undirrituð sameiginleg yfirlýsing um sjálfbærni og jafnrétti. Þá hefur verið boðað til blaðamannafundar forsætisráðherranna og þýska kanslarans í Viðey eftir hádegi í dag.

thorgnyr@frettabladid.is

## FISK kaupir hlut Gildis í Brimi

**VIÐSKIPTI** FISK-Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, keypti í gær nær allan 8,5 prósenta hlut Gildis lífeyrissjóðs í Brimi, áður HB Granda, fyrir um fimm milljarða.

Fyrir eignarhlutinn í Brim fékk Gildi meðal annars afhent hluta af bréfum FISK-Seafood í Högum, en fyrirtækið átti samanlagt tæplega 4,6 prósenta hlut í smásölurisanum.

Sala Gildis kemur í kjölfar kaupa Brims á sölufélögum í Japan, Hong Kong og Kína. Seljandinn var ÚR sem er í eigu Guðmundar Kristjánssonar, stærsta hluthafa Brims.

Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi, segir sjóðinn ekki eiga samleið með Brimi enda hafi hann haft áhyggjur af stjórnarháttum í útgerðarfélaginu.

„Það hefur verið aðdragandi að þessari ákvörðun og við höfum haft auknar áhyggjur af stjórnarháttum í félaginu og þeirri vegferð sem stjórn og stjórnendur hafa verið á að undanförnu. Sambjöppun eignarhalds í félaginu vegna viðskiptanna olli okkur einnig áhyggjum.“

> **Við höfum haft auknar áhyggjur af stjórnarháttum í Brimi.**
>
> Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóðs

Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður Brims, fagnar því að í hluthafahóp sé kominn þátttakandi í iðnaðinum með reynslu og þekkingu á rekstri í sjávarútvegi.

„Það er gott að viðskipti eigi sér stað á markaði með bréf í félaginu. Það sýnir lífsmark. [...] Stjórn Brims virðir að sjálfsögðu ákvörðun Gildis og hún er skiljanleg í ljósi forsögunnar,“ segir Kristján. – hae, þfh




Engihjalli
Vesturberg
Arnarbakki
Glæsibær
Staðarberg
Iceland

## Veður




Norðlæg átt 5-10 m/s og víða bjartviðri, en skýjað norðaustantil. Austan 10-15 syðst annað kvöld. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast á Vesturlandi. Hiti nálægt frostmarki um norðanvert landið. SJÁ SÍÐU 16

# Heimsóttu Hellisheiðarvirkjun



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sýndi Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, Hellisheiðarvirkjun í gær. Hann hafði mikinn áhuga á hvernig koltvísýringur er bundinn í berg en Löfven er staddur á landinu til þess að sækja sumarfund forsætisráðherra Norðurlandanna sem fer fram í dag. Einnig tók Katrín á móti kanslara Þýskalands og forsætisráðherra Finnlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Lokanir hækki ekki kostnað

**REYKJAVÍK** Tryggja þarf að kostnaður við mat hækki ekki og útfæra verður hugmyndina vel ef leggja á niður mötuneyti opinberra starfsmanna, segir Jakobína Þórðardóttir, framkvæmdastjóri hjá Sameyki, stéttarfélagi í almannaþjónustu.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði til í grein í Fréttablaðinu í gær að loka opinberum mötuneytum til að starfsmenn snæði frekar á veitingahúsum. Yrði þá byrjað á að loka mötuneytinu í Ráðhúsinu.



**Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík.**

Jakobína segir hugmyndina ekki nýja af nálinni. Ef farið yrði í slíkar breytingar þyrfti að útfæra þær með hliðsjón af matarhléi starfsmanna. „Það vakna ýmsar spurningar, til dæmis hvort hálftíma matarhlé muni þá duga. Þá vaknar upp spurningin hvernig það rímar við styttingu vinnuvikunnar,“ segir Jakobína. „Þetta er alveg hugmynd til að styðja við veitingastaði í borginni. En hvort þetta sé raunhæft, það get ég ekki sagt nema hugmyndin sé vel útfærð.“

Mestu máli skiptir að slík breyting hækki ekki kostnað starfsmanna. „Verðið þyrfti að vera sambærilegt, breyting af þessu tagi má ekki auka kostnað starfsmanna.“

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, er ekki hrifin af hugmyndinni. „Starfsfólkið okkar hefur sem betur fer sjálfræði um hvernig það eyðir sínum frístundum,“ segir Dóra. „Ég sé enga ástæðu til að taka undir hugmynd sem snýst um að fækka valmöguleikum.“ **– ab**



**Reynisfjara er vinsæll ferðamannastaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reynisfjöru lokað að hluta

**SUÐURLAND** Reynisfjöru við Vík í Mýrdal hefur verið lokað að hluta vegna slysahættu af völdum grjóthruns úr berginu yfir fjörunni. Að minnsta kosti tveir hafa slasast í fjörunni á síðustu dögum, karlmaður um tvítugt og barn. Fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi að meiðsl þeirra séu ekki alvarleg.

Lögreglan segir að verið sé að skoða aðstæður á vettvangi, og er ekki útilokað að grípa þurfi til frekari aðgerða. **– sks**

# Svíþjóð auðveldari kostur en höfuðborgin

### Mæðgur á Akureyri ákváðu að flytja til Svíþjóðar vegna menntaskólagöngu dótturinnar. Segja það ódýrari kost en að flytja til Reykjavíkur. Engin heimavist er við menntaskóla á höfuðborgarsvæðinu, sem torveldar ungu fólki af landsbyggðinni að hefja nám í borginni.

**SAMFÉLAG** Erfitt getur verið fyrir ungt fólk á landsbyggðinni að flytja á höfuðborgarsvæðið og stunda þar menntaskóla. Enginn menntaskóli á höfuðborgarsvæðinu starfrækir heimavist. Mæðgur á Akureyri brugðu á það ráð að flytja frekar til Svíþjóðar til að elta drauma dótturinnar.

Hildur Friðriksdóttir og dóttir hennar Þura Snorradóttir ákváðu í sumar að flytja til Kungsbacka í Svíþjóð. Þar getur Þura iðkað íþrótt sína innandyra auk þess að stunda nám í menntaskóla.

„Á Akureyri er aðeins útilaug og dóttur mína langaði að æfa við betri aðstæður. Tækniæfingar í þessari íþrótt eru svolítið erfiðar utandyra,“ segir Hildur. Allar yfirbyggðar stórar æfingasundlaugar eru staðsettar nærri höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar var það erfiðleikum háð fyrir Þuru að flytja til Reykjavíkur. „Leigumarkaðurinn í Reykjavík er hins vegar þannig að það er ógerlegt fyrir okkur að senda hana þangað.“

Fjölskyldan ákvað því að Hildur og Þura færu saman til Svíþjóðar en Snorri, eiginmaður Hildar, og yngri dóttir þeirra, verða eftir á Akureyri. „Fyrst töldum við þetta svolítið fjarlægt. Hins vegar skoðuðum við



**Að mati Hildar er auðveldara og ódýrara að flytja til Svíþjóðar en Reykjavíkur. Ungt afreksfólk vill geta stundað æfingar við bestu aðstæður, sem eru oftast nær á höfuðborgarsvæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það virðist vera mun auðveldara að reka tvö heimili í Svíþjóð og á Íslandi en í Reykjavík og á Akureyri.**
>
> Hildur Friðriksdóttir



málið og því meira sem við lögðumst yfir þetta sáum við að þetta var í raun miklu betri kostur en að fara til Reykjavíkur,“ segir Hildur. „Það virðist vera mun auðveldara að reka tvö heimili í Svíþjóð og á Íslandi en í Reykjavík og á Akureyri. Hér í Svíþjóð er mjög vel haldið utan um menntaskólanema með ókeypis almenningssamgöngum, fríum skólamáltíðum og íþróttaiðkun er mun ódýrari en á Íslandi. Þegar á heildina er litið er þetta því ódýrari kostur fyrir fjölskylduna.“

Þura stundar því nám á sérstakri sundíþróttalínu og æfingar eru felldar inn í stúdentsnámið. Hildur hefur fengið starf við móðurmálskennslu og á sambýli fyrir fatlaða einstaklinga. Að mati Hildar er mjög skrýtið að þetta sé veruleikinn, það er hversu lítil þjónusta er fyrir hendi fyrir íslensk ungmenni af landsbyggðinni til að stunda nám í höfuðborginni.

**sveinn@frettabladid.is**



*„Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðalbókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.*

***Ingunn Guðbrandsdóttir***
*fyrrverandi nemandi í Framabraut -Viðurkenndur bókari*



# BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

FRÆÐSLUSKÝIÐ STAÐKENNSLA FJARKENNSLA Í BEINNI

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **2. október** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

BÓKHALDSGREINAR
þriðjudaginn
**20. ágúst kl. 17:30**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **19. september** • Morgun- og kvöldhópur • **25 skipti**

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Námið skiptist í fimm hluta:

- **Bókhald – grunnur** • **Verkefnastjórnun með MindManager**
- **Bókaranám fyrir lengra komna** • **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

Hefst **2. október** – lýkur **15. desember 2020**

## SKRIFSTOFUSKÓLI

EINSTAKT VERÐ

Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 18 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **57.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 293.000 kr.

Hefst **4. september** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

### AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu.

**PROMENNT** • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.
Pipar\TBWA SÍA




**ADHD-samtökin telja breytt inntökuskilyrði byggja á vanþekkingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Vilja afturkalla breytingar

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn ADHD-samtakanna mótmælir harðlega breyttum inntökuskilyrðum Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar sem nýlega var upplýst um. Í ályktun stjórnarinnar segir að í fyrsta sinn hérlendis sé verið að þrengja verulega að atvinnu- og menntunarmöguleikum fólks með ADHD.

Telur stjórnin að umræddar breytingar byggi á vanþekkingu og úreltum hugmyndum um ADHD. Er skorað á Mennta- og starfsþróunarsetrið, ríkislögreglustjóra og ráðherra að afturkalla þessar breytingar tafarlaust.

„ADHD samtökin munu aldrei sætta sig við hinar nýju reglur og heita því að berjast gegn slíkri mismunun, hérlendis og annars staðar þar sem slíkar reglur eru enn í gildi. Um það hefur þegar tekist samstarf við systursamtök ADHD samtakanna á Norðurlöndunum,“ segir í ályktuninni. **– sar**

## Gat á sjókví hjá Arnarlaxi

**FISKELDI** Arnarlax tilkynnti Matvælastofnun síðastliðinn föstudag um gat á nótarpoka einnar sjókvíar fyrirtækisins við Laugardal í Tálknafirði. Uppgötvaðist gatið við skoðun kafara og er viðgerð lokið. Nótarpokinn var heill þegar farið var í köfunareftirlit þann 6. ágúst síðastliðinn.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Matvælastofnun. Samkvæmt upplýsingum frá Arnarlaxi voru um 179 þúsund laxar í kvínni og meðalþyngd þeirra 280 grömm. Gatið á kvínni reyndist vera 7 sinnum 12 sentimetrar að stærð.

Matvælastofnun hefur nú málið til meðferðar og verða aðstæður hjá fyrirtækinu og viðbrögð þess skoðuð. Net voru lögð út í samráði við Fiskistofu til að kanna hvort slysasleppning hafi átt sér stað. Enginn lax fannst við vitjun netanna um helgina og hefur þeim aðgerðum verið hætt. **– sar**

# Samfylkingin nálgast Sjálfstæðisflokkinn

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin dregur á Sjálfstæðisflokkinn og mælist nú næststærsti flokkur landsins samkvæmt nýrri könnun MMR. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með óbreytt fylgi frá síðustu könnun MMR eða 19,1 prósent. Samfylkingin bætir við sig 4,4 prósentustigum og mælist nú með 16,8 prósent.

Miðflokkurinn er þriðji stærsti flokkurinn samkvæmt könnuninni með 13 prósent sem er örlítil aukning frá síðustu könnun. Vinstri græn tapa aftur á móti einu prósentustigi milli kannana og eru með 11,5 prósent.



**Samfylkingin er í sókn samkvæmt könnun MMR.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Píratar eru með 11,3 prósent en missa tæp þrjú prósentustig milli kannana en í júlí voru þeir næststærsti flokkurinn. Framsóknarflokkurinn mælist með 10,4 prósent sem er um tveimur prósentustigum meira en síðast. Viðreisn er með 9,3 prósent og tapar 0,6 prósentustigum milli kannana.

Hvorki Flokkur fólksins né Sósíalistaflokkurinn nær fimm prósenta markinu. Flokkur fólksins mælist nú með 4,1 prósent og Sósíalistaflokkurinn með 2,9 prósent.

Þá mælist stuðningur við ríkisstjórnina 38,8 prósent miðað við 40,3 prósent í júlí. Könnun MMR var gerð dagana 12. til 19. ágúst síðastliðinn og er byggð á svörum 990 einstaklinga. **– sar**

# Höfn í Hornafirði gott dæmi um áhrif loftslagsbreytinga

**Höfn í Hornafirði er skínandi dæmi um áhrif loftslagsbreytinga, segir Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur. Miðað við núverandi hitastig munu allir íslenskir jöklar bráðna á næstu 200 árum og landið rísa undan farginu. Það mun hafa umtalsverð áhrif á sjávarstöðu og skipagengd hafna.**



**Páll segir breytingarnar áþreifanlegar í kringum Vatnajökul. Hann er nú um 7.900 ferkílómetrar.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓI K

**UMHVERFISMÁL** „Þetta eru mjög áþreifanlegar breytingar, sérstaklega í kringum Vatnajökul,“ segir Páll Einarsson, prófessor emeritus í jarðeðlisfræði, um landris í tengslum við jöklabreytingar. Ein mesta váin í tengslum við hlýnun jarðar og bráðnun jökla í heiminum er hækkandi sjávarmál. Talið er að láglendi á meginlöndum og litlum eyjum standi mikil ógn af að verða drekkt í sjó. Hér rís landið hins vegar vegna þess bráðnunarinnar.

„Þetta hefur þegar haft veruleg áhrif á Höfn í Hornafirði. Þar er landrisið um einn sentimetri á ári,“ segir Páll. Í tvo áratugi hafa staðið yfir kostnaðarsamar framkvæmdir til þess að sporna við þróuninni. „Hornafjörður er skínandi dæmi um áhrif loftslagsbreytinga. Á Höfn er þetta spurning upp á líf og dauða þorpsins. Ef land rís mikið fer að verða ófært að sigla inn í fjörðinn.“

Hornafjörður varð skipfær í kringum 1930, þegar land hafði sigið nógu mikið. Áður var kaupstaður við Papós í Lóni en hann lagðist af þegar Höfn byggðist upp.

> **Á Höfn er þetta spurning upp á líf og dauða þorpsins. Ef land rís mikið fer að verða ófært að sigla inn í fjörðinn.**
>
> Páll Einarsson, prófessor



Jarðfræðistofnun mælir landris og -sig á öllu landinu en það er mismikið eftir svæðum. „Þegar jöklarnir bráðna og léttast þá rís jarðskorpan,“ segir Páll. „Undirlagið, neðri hluti skorpunnar og möttullinn, undir Íslandi er lint og gefur eftir. Þetta var mest áberandi í lok ísaldar fyrir 10 til 18 þúsund árum. Núna er landið að svara jöklabreytingum sem eru nægilega stórar til þess að þær mælist.“ Langmest er landrisið á Sprengisandi. Undanfarna áratugi hefur það verið um þrír sentimetrar á ári og fer vaxandi.

Á suðvesturhorninu, sem er langt frá öllum jöklum, er landið að síga. Páll segir skort á eldvirkni þar mestu skipta. „Reykjanesið stendur á flekaskilum þar sem land gliðnar í sundur. Það hefur ekki verið nein eldvirkni í um það bil 800 ár sem þýðir að flekaskilin síga, það vantar efni,“ segir Páll. Það mun hins vegar breytast eftir tugi eða hundruð ára þegar virkni eykst á nýjan leik. Á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að bregðast við landsigi með dýrum sjóvörnum, til dæmis á Álftanesi og Seltjarnarnesi.

Stærð Grænlandsjökuls hefur áhrif á Ísland á tvennan hátt, en hann hefur verið að minnka mikið vegna hlýnandi loftslags. „Massi Grænlandsjökuls dregur að sér sjó og myndar eins konar kúlu. Heilmikill massi jökulsins er að hverfa og aðdráttaraflið minnkar sem hefur áhrif á sjávarstöðuna,“ segir Páll. Grænland rís vegna bráðnunar jökla, rétt eins og Ísland, og það hefur einnig áhrif á Ísland. Efni í möttlinum streymir í áttina að Grænlandi sem þýðir að landið undir Íslandi sígur. Páll segir að áhrif jöklabreytinga á Íslandi sjálfu hafi hins vegar mun meiri áhrif hér.

Samkvæmt líkönum sem byggð eru á því að núverandi hitastig haldist verða allir íslenskir jöklar horfnir eftir 200 ár. Jöklar eru lengi að bregðast við hitabreytingum en ef það fer að kólna munu þeir vaxa á nýjan leik. „Eins og málin standa virðist hitastigið vera að hækka í heiminum,“ segir Páll. „Þá mun bráðnunin taka skemmri tíma.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Opinn kynningarfundur á starfi Rótarinnar

Miðvikudaginn 21. ágúst kl. 20 að Hallveigarstöðum.
Kynnt verða fimm námskeið og Rótarhópur:

- Konur studdar til bata – Hefst 28. ágúst
- Áföll – Leiðir til bata – Hefst 21. september
- Sjálfsuppgötvun og valdefling, fyrir 18-25 ára – Hefst 3. október
- Þú ert ekki ein, við erum margar – Hefst 4. nóvember
- Að segja frá kynferðisofbeldi – Haldið 30. nóvember

Á námskeiðunum eru faglegir leiðbeinendur og byggt á gagnreyndri þekkingu. Skráning og nánari upplýsingar á vef félagsins www.rotin.is og á Facebook @rotin.felag. Að kynningunni lokinni ræðir lögmaður sjúkragagnamál SÁÁ.

*Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda*

RÓTIN

# Umhverfisvæn rjúpnaskot á markað

**VEIÐI** Skotveiðiverslunin Hlað mun brátt selja umhverfisvæn haglaskot sem finnast víða erlendis. Forhlaðið er úr feltefni en ekki plasti sem oftast er notað, og mun það þá brotna hraðar niður í umhverfinu.

Skotin eru framleidd í bænum Gamebore, nálægt Hull á austurströnd Bretlands.

Hjálmar Ævarsson hjá Hlaði segir að höglin sjálf séu úr stáli en forhlaðið úr felti. Skotin hafa verið notuð erlendis en það á eftir að koma reynsla á þau hérlendis. „Þetta ætti að duga svo fólk geti náð sér í jólamatinn,“ segir Hjálmar.

Með því að setja skotin á markað er Hlað að leggja sitt á vogarskálarnar hvað varðar vistvænar veiðar. „Þessi umræða hefur verið í gangi og ég held að allir séu meðvitaðir um að vilja skilja sem minnst eftir sig á þeim stað sem veitt er. Ég held líka að allir reyni að tína hylkin upp eftir sig eins vel og þeir geta,“ segir hann.



**Sigurður Haraldsson og Hjálmar Ævarsson hjá Hlaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Ég held að allir séu meðvitaðir um að vilja skilja sem minnst eftir sig á þeim stað sem veitt er.**
>
> Hjálmar Ævarsson

Plasthylkin í hefðbundnum skotum brotna vissulega niður en á mun lengri tíma og plastagnir verða eftir. Þá hafa skothylki úr plasti endað í ám og vötnum og mengað vatnið. Einnig hafa þau fundist í mögum stórra fugla. **– khg**

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**RENAULT Zoe Intense 41kwh**
Nýskr 03/17, ekinn 53 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 2.590.000 kr.**




**TOYOTA Rav4 GX 2wd**
Nýskr. 12/15, ekinn 29 þ.km,
dísil, beinskiptur
**Verð 3.290.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Tekna 2wd**
Nýskr. 07/16, ekinn 34 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.690.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Classic 4wd**
Nýskr. 06/18, ekinn 60 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000 kr.**




**FORD Fiesta Titanium**
Nýskr. 11/15, ekinn 43 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.790.000 kr.**




**HYUNDAI Ioniq Premium 28kw**
Nýskr. 06/17, ekinn 30 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 3.790.000 kr.**




**HONDA Civic**
Nýskr. 10/15, ekinn 33 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**




**NISSAN Note Acenta**
Nýskr. 10/16, ekinn 26 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.990.000 kr.**




**RENAULT Kadjar Intens**
Nýskr. 03/16, ekinn 55 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.190.000 kr.**




**BMW X1 Xdrive20d**
Nýskr. 09/16, ekinn 60 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.790.000 kr.**

## TILBOÐSBÍLAR

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði.
Fyrstur kemur - fyrstur fær!**

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Lykill fjármögnun




**HYUNDAI i30 Classic**
Nýskr. 04/15, ekinn 65 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð1.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.490.000 kr.**
***21.573 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**KIA Rio SX**
Nýskr. 05/18, ekinn 30 þ.km,
dísil, beinskiptur
**Verð 2.890.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.490.000 kr.**
***35.796 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HONDA HRV Elegance 2wd**
Nýskr. 03/17, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.190.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**
***38.641 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Clio Sport Tourer**
Nýskr. 05/17, ekinn 27 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**
***28.685 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 05/15, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**
***32.952 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

ENNEMM / SÍA / NM95232



- Ástandsskoðun
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **Reynisfjöru lokað vegna slysahættu** Að minnsta kosti tveir hafa slasast í fjörunni á síðustu tveimur dögum; karlmaður og barn.

**2** **„Fyrir ári síðan var ég rúmlega 100 kíló“** Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður knattspyrnufélags Selfoss, var nýorðin móðir og í litlu líkamlegu standi til að spila fótbolta fyrir ári.

**3** **Átta þúsund manns flýja stórbrunann á Kanarí** Um átta þúsund manns hafa verið fluttir á brott frá 40 þorpum vegna skógareldanna.

**4** **Dwayne Johnson og Lauren Hashian giftu sig á Hawaii** Kappinn birti fallegar myndir af þeim á Instagram.

**5** **Vilja fá upptökur af handtökunni í Gleðigöngunni** Lögreglan fer nú yfir málsatvik þegar Elínborg Harpa Önundardóttir var handtekin í miðri Gleðigöngu síðastliðinn laugardag.

**6** **Haraldur selur hönnunarperlu í Laugardalnum** Hönnunarperla við Vesturbrún er komin á sölu. Húsið er í eigu Haraldar Briem, fyrrverandi sóttvarnalæknis, og eiginkonu hans.

**7** **Kevin Smith tilkynnir nýja He-Man seríu á Netflix** Netflix og Kevin Smith munu framleiða spánýja He Man teiknimyndaþætti sem teiknaðir verða í japönskum stíl.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Líklega háværumræða um orkupakkann fram undan

**Fundarhöld um þriðja orkupakkann héldu áfram í utanríkismálanefnd Alþingis í gær. Prófessor í stjórnmálafræði segir áhugavert að sjá hvar víglínan er dregin í málinu.**



Í bréfi sem Stefán Már Stefánsson prófessor og Friðrik Árni Friðriksson Hirst lögfræðingur sendu utanríkismálanefnd segir að það sé mat þeirra að fyrirvörunum sé réttilega haldið til haga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRNMÁL** „Ef samkomulagið við Miðflokkinn heldur þá verður kosið um þriðja orkupakkann á þingi í byrjun september, þá er málinu lokið. Það er skýr þingmeirihluti fyrir málinu, það veltur þó allt á því hvort samkomulagið haldi,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. „Það verður líklega mjög hávær umræða fram að því.“

Fundir utanríkismálanefndar um þriðja orkupakkann héldu áfram í gær. Á fundinn, sem var opinn fjölmiðlum, mættu meðal annars fulltrúar frá samtökunum Orkan okkar, sem hefur gagnrýnt orkupakkann harðlega og segja að ef hann verði samþykktur þá greiði það leiðina fyrir þá sem vilji leggja hingað sæstreng. Var þá upplýst að 16 þúsund manns hefðu skrifað undir áskorun til Alþingis um að hafna innleiðingu þriðja orkupakkans.

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Friðrik Árni Friðriksson Hirst lögfræðingur mættu einnig fyrir nefndina. Í bréfi sem þeir sendu utanríkismálanefnd eftir fundinn svöruðu þeir spurningum sem vöknuðu um fyrirvara stjórnvalda.

„Séu fyrirliggjandi skjöl lesin saman, þ.e.a.s. þingsályktunartillaga utanríkisráðherra og þingsályktunartillaga ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, auk lagafrumvarpa hins síðarnefnda, ásamt greinargerðum og öðrum gögnum, teljum við að fyrirvörunum sé þar réttilega haldið til haga,“ segir í bréfi Stefáns Más og Friðriks Árna.

Miðflokkurinn hélt uppi málþófi í byrjun sumars vegna málsins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, hefur sagt að flokkurinn muni standa við samkomulagið sem gert var við þinglok um að klára málið á þinginu. Bindur hann vonir við að einhverjir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafni orkupakkanum.

Eiríkur segir málið geta reynst Sjálfstæðisflokknum erfitt, nú þegar hafi Miðflokkurinn töluvert náð að mála Framsóknarflokkinn út í horn. Hann segir að það sé ekki endilega gjá milli flokksforystu og grasrótar í Sjálfstæðisflokknum, frekar sé um að ræða fylkingar innan flokksins. „Þetta eru sömu fylkingar og hafa tekist á lengi, það eru hin frjálslyndu öfl sem styðja alþjóðasamstarf og hinir íhaldssamari sem leggja meiri áherslu á þjóðleg gildi.“

> **Þetta snýst um svo margt annað en aðeins það sem finna má í þessum lagabálki.**
>
> Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði



Það áhugaverða við þriðja orkupakkann sé hvernig víglínan er dregin. „Þetta snýst um svo margt annað en aðeins það sem finna má í þessum lagabálki, þetta snýst að einhverju leyti um EES-samninginn en aðallega almennt um stöðu Íslands í alþjóðamálum. Efnislega er þetta lítið mál, sem sést best á því að þáverandi stjórnvöld kusu að gera ekki athugasemdir við málið þegar það var til umfjöllunar á vettvangi EES fyrir allnokkrum árum.“

**arib@frettabladid.is**


# TILBOÐ!
## FORD TRANSIT
### 350 L3H2 AMBIENTE VAN

Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað: Rennihurð einnig á vinstri hlið, klæðning í gólfi og hliðum hleðslurýmis, hraðastillir, LED og aurhlífar.

**VERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI: 6.115.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ: 4.395.000 KR. ÁN VSK**
**5.450.000 KR. MEÐ VSK.**




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford

ford.is

Mjólkurbikarinn

# TIL HAMINGJU SELFOSS!




## Mjólkin gefur styrk!



DREKKTU Í ÞIG STEMNINGUNA

KSÍ



# Góðir gestir

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók í gær á móti leiðtogum Þýskalands, Finnlands og Svíþjóðar. Á þessum myndum, sem Valgarður Gíslason ljósmyndari Fréttablaðsins tók, má sjá Katrínu með hinum finnska Antti Rinne og hinum sænska Stefan Löfven.









# Ólíðandi brot



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Brot á réttindum launafólks á íslenskum vinnumarkaði eru staðreynd. Þetta hefur lengi legið fyrir og nýleg skýrsla Alþýðusambandsins ætti því ekki að þurfa að koma á óvart. Umfang og eðli brotanna er hins vegar sláandi.

Samkvæmt tölum frá fjórum stórum aðildarfélögum ASÍ sem telja rúman helming allra félagsmanna sambandsins voru á síðasta ári gerðar 768 launakröfur að fjárhæð um 450 milljónir króna. Hafa ber í huga að hér er einungis um tilvik að ræða þar sem ábendingar stéttarfélaga um vangreidd laun hafa ekki borið árangur og formlegar launakröfur því verið lagðar fram. Það er hætt við að þessar tölur segi bara hálfa söguna því ekkert er vitað um þann fjölda sem brotið er á og leitar ekki réttar síns, annaðhvort af ótta við atvinnumissi eða einfaldlega vegna þess að viðkomandi þekkir ekki réttindi sín nægilega vel.

Það kemur skýrt fram í gögnum ASÍ að viðkvæmustu hóparnir á vinnumarkaði, ungt fólk og erlendir ríkisborgarar, eru líklegastir til að verða fyrir brotum. Til að mynda var rúmur helmingur þessara launakrafna gerður vegna erlendra ríkisborgara sem eru um 26 prósent félagsmanna í umræddum stéttarfélögum og um 19 prósent alls vinnumarkaðarins. Samkvæmt spurningakönnun meðal erlendra félagsmanna ASÍ töldu 28 prósent sig hafa lent í því að hafa ekki fengið skriflegan ráðningarsamning á síðustu tólf mánuðum. Þetta hlutfall er auðvitað með hreinum ólíkindum en stemmir því miður við fyrri rannsóknir. Allt of stór hluti erlendra starfsmanna telur sig svo hafa orðið fyrir hinum ýmsu brotum á vinnumarkaði sem tengjast meðal annars vangreiddum launum, of fáum eða stuttum neysluhléum, sviknum frídögum og skorti á launaseðlum.

Sem betur fer eru langflestir atvinnurekendur með sitt á hreinu og virða kjarasamninga. En eins og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins bendir á er eitt brot einu broti of mikið. Það er bæði atvinnulífinu og verkalýðshreyfingunni til hagsbóta að útrýma þessum brotum en slíkt gerist ekki nema með góðri samvinnu þessara aðila.

Málefni erlendra starfsmanna voru áberandi í kjarabaráttu síðastliðins vetrar. Þetta er hópur sem fram að því hafði haft fáa málsvara þrátt fyrir sífellda fjölgun. Nýrri forystu Eflingar tókst bæði að virkja þennan hóp og vekja athygli á slæmri stöðu hans. Skýrsla ASÍ sýnir svart á hvítu hversu mikilvæg sú barátta var. Í lífskjarasamningnum náðust einmitt fram ýmis framfaramál sem tengdust ekki launahækkunum. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld náðu saman um mikilvægar aðgerðir til að taka á brotum á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að staðið verði við öll þau áform og að gengið verði hratt og örugglega til þeirra verka.

**Það er hætt við að þessar tölur segi bara hálfa söguna því ekkert er vitað um þann fjölda sem brotið er á og leitar ekki réttar síns.**

FLOREALIS




Haltu þínu striki!

Harpatinum við gigtar- og liðverkjum.
Bætir hreyfigetu og dregur úr stirðleika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki — Viðurkennt af Lyfjastofnun

## Halldór




## Frá degi til dags

**Annarra manna veski**

**Tekjublöð DV og Frjálsrar verslunar koma út í dag. Útgáfan er seinna á ferðinni en vanalega vegna álita um persónuvernd. Álitaefnið féll tekjublöðunum í vil og þeir ríku sem finnst tekjur sínar agalega persónulegt feimnismál þurfa að bíða í eitt ár í viðbót. Það eina sem breytist í ár er að Ríkisskattstjóri birtir ekki topp tíu lista yfir þá tekjuhæstu sem þýðir að útgefendur tekjublaðanna sitja einir að upplýsingunum. Stundin reið þó á vaðið í gær með fyrstu fréttina, um að Davíð Oddsson væri með 5,3 milljónir á mánuði, er það bland af ritstjóralaunum og eftirlaunum. Segið svo að það sé ekki gaman að gægjast í annarra manna veski.**

***Áhrifavaldar***

**Ekkert lát er á komu erlendra áhrifavalda hingað til lands frekar en fyrri daginn. Í þetta skiptið er það ekki Justin Bieber heldur ráðamenn Svíþjóðar og Þýskalands, síðan eigum við von á komu varaforseta Bandaríkjanna. Vigdís Hauksdóttir, sem er ekki í móttökunefndinni að þessu sinni, notaði tækifærið til að slá á létta strengi. „Ég vona að allir þjóðarleiðtogarnir sem eru að koma til landsins komi á hjólunum sínum – já eða gangandi. Á ekki annars að ræða hamfarahlýnun?“**

**arib@frettabladid.is**

# Rekstur í Reykjavík



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Öflugt atvinnulíf er grundvallarforsenda velsældar. Atvinnulífið þrífst ekki án hvata og fyrirtæki dafna ekki án svigrúms til fjárfestinga og hagnaðar. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru jafn mikilvæg í samhengi hlutanna og þau stóru. Þau skapa 73% af rúmlega 150.000 störfum á almennum vinnumarkaði og greiða 69% af launum. Háir skattar og íþyngjandi reglur erfiða rekstur þeirra. Flestir greiningaraðilar eru sammála um að veturinn verður rekstraraðilum þungur, þá sérstaklega þeim sem þjónusta ferðamenn. Við höfum nú þegar séð fréttir af veitingastöðum í Reykjavík sem leggja upp laupana í hrönnum, jafnvel staði sem átt hafa fastan stað í borginni í fjölda ára.

Vandinn er margþættur. Rekstraraðilar nefna langar kjaraviðræður og miklar launahækkanir. Hækkun á hráefniskostnaði, fækkun ferðamanna, framkvæmdir, slæma upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg, þunga og svifaseina stjórnsýslu og slæmt aðgengi. Íþyngjandi regluverk og flókna skriffinnsku, tafir við að fá rekstrarleyfi. Framkvæmdir sem dragast á langinn leiða til þess að enginn kemst um, hvorki akandi né gangandi, og verulegur skortur er á samráði við rekstraraðila.

Ríflega helmingur af verðmæti atvinnuhúsnæðis landsins er í Reykjavík. Þar er álagningarprósenta fasteignaskatts í lögbundnu hámarki. Hækkun á fasteignamati atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu nemur ríflega 65% frá árinu 2014 til 2019. Fyrirtækin í borginni hafa ekki notið vaxtar í rekstri sínum í líkingu við hækkun fasteignagjalda undanfarin misseri. Fasteignagjöld eru langstærsti útgjaldaliður félaga sem leigja út atvinnuhúsnæði, um 70% af rekstrarkostnaði þeirra. Þessi hækkun á fasteignamati síðustu ára leiðir til hækkunar leiguverðs. Meirihlutinn felldi tillögu Sjálfstæðisflokksins um að lækka þá strax á þessu ári.

Vandi fyrirtækja í Reykjavík er margþættur en hann steðjar að núna, ekki seinna. Mótvægisaðgerðir þurfa því einnig að eiga sér stað núna. Hið jákvæða er að borgin getur strax brugðist við til að létta undir með þeim. Hægt er að bæta upplýsingagjöf, samráð við rekstraraðila þegar kemur að framkvæmdum, einfalda ferla og lækka skatta. Þetta þarf að ráðast í núna, ekki síðar þegar það er of seint.

**Vandi fyrirtækja í Reykjavík er margþættur en hann steðjar að núna, ekki seinna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Katrín - Merkel - Pence



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tekur á móti Angelu Merkel kanslara Þýskalands í vikunni. Í september tekur stjórnin svo á móti Mike Pence varaforseta Bandaríkjanna. Pólitísk þýðing heimsóknanna er rík og tilefni umræðu um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

**Sameiginlegur heimamarkaður**
Innan vébanda ESB eigum við sameiginlegan heimamarkað með Þýskalandi og öðrum ríkjum þess. Koma Merkel er staðfesting á því hvernig við höfum bundist Evrópu djúpum tengslum. Þar liggur pólitískt skjól Íslands í nýjum heimi. Koma Pence sýnir á hinn bóginn merki um endurvakinn áhuga Bandaríkjanna á hernaðarlegu mikilvægi Íslands vegna breyttrar stöðu norðurslóða. Það er fagnaðarefni. Varnarsamstarfið er mikilvægt. Og við viljum efla viðskipti við ríki Norður-Ameríku.

En tímarnir eru breyttir. Lögmál kaldastríðsins gilda ekki. Vestrænar þjóðir stóðu áður sameinaðar undir forystu Bandaríkjanna um markmið í fjölþjóðasamvinnu. Nú eru þær klofnar. Annars vegar er stefna áframhaldandi fjölþjóðasamvinnu undir forystu ESB en hins vegar er stefna tvíhliða viðskiptasamninga undir forystu Bandaríkjanna og Bretlands. Bandaríkin eru enn öflugasta þjóðin í vestrænum heimi og öðrum þjóðum mikilvæg, en ekki lengur forystuþjóð um þau gildi sem sameinað hafa vestrænar þjóðir frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Þau standa ekki fyrir frjálsa fjölmiðlun, sjálfstæða dómstóla eða rétt minnihluta hópa. Það er af sem áður var. Tilgangur Bandaríkjanna nú er að veikja fjölþjóðasamvinnu Evrópuríkja og styrkja eigin stöðu í tvíhliða samskiptum. Þetta blasir við. Bandaríkin styðja Brexit af kappi. Þessar breytingar hafa áhrif.

**Ný nálgun**
Sú ábyrgð hvílir fyrst og fremst á herðum Katrínar Jakobsdóttur að gera leiðtogum mikilvægustu samstarfsþjóða okkar skýra grein fyrir því hvernig Ísland nálgast alþjóðasamstarf í ljósi breyttra aðstæðna. Mikilvægt er að ríkisstjórnin komi þessum skilaboðum á framfæri;

1. Skýrar yfirlýsingar um að fjölþjóðasamstarf á innri markaði ESB verði áfram þungamiðjan í utanríkisstefnunni. Vandræðagangur Sjálfstæðisflokksins í orkupakkamálinu kallar á ótvíræð skilaboð til leiðtoganna beggja.

2. Ríkisstjórnin þarf að vera fús til að ræða varnarsamstarf við Bandaríkin og uppbyggingu hér í því sambandi, hvort sem forsætisráðherra líkar betur eða verr. Um leið verður að árétta að þar sé fyrst og fremst um að ræða varnir Íslands. Aðstaða vegna aukinna varnarumsvifa á norðurslóðum sé opið umræðuefni sem Ísland þurfi að meta sjálfstætt og í samráði við grannþjóðir.

3. Stjórnin þarf að fara fram á að samhliða viðræðum um varnarviðbúnað á Íslandi þurfi að gera viðbótarsamning um varnarmál í samræmi við þjóðaröryggisstefnuna frá 2016, sem tekur til netöryggis, hryðjuverka og loftslagsmála. Afneitun forseta Bandaríkjanna í loftslagsmálum má ekki ráða för. Það skal sagt umbúðalaust að aðgerðir í loftslagsmálum verði ekki undanskildar í þessum efnum. Forsætisráðherra ætlar hins vegar ekki að vera til staðar til að koma þessum áherslum á framfæri við varaforsetann. Kúnstug forgangsröðun.

4. Ríkisstjórnin þarf að segja afdráttarlaust að Ísland muni á síðara stigi eftir samráð, umræður og ákvarðanir Alþingis setja sér markmið með efnahags- og viðskiptasamráði við Bandaríkin. Það skal vera ótvírætt að samtöl um efnahags- og viðskiptamál annars vegar og varnir Íslands og norðurslóða hins vegar eru tvö aðskilin efni sem ekki skal blanda saman.

Við þýðingarmiklar heimsóknir leiðtoga samstarfsþjóða er brýnt að senda ótvíræð skilaboð. Óeining innan stjórnarflokkanna má ekki gera utanríkisstefnu þjóðarinnar torræða. Við verðum að tala tæpitungulaust í þágu öryggis, mannréttinda og loftslagsmála. Nú sem aldrei fyrr.

# Stjórnkænska og styrkur



Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

Það er vissulega heiður að fagna Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, gesti Íslendinga þessa daga. Merkel er oft lýst sem hinum raunverulega leiðtoga Evrópusambandsins og hún er tvímælalaust einn merkasti stjórnmálamaður Evrópu á seinni tímum. Frásögn af ævi hennar er jafnframt kafli í sögu Evrópu.

Í lok heimsstyrjaldarinnar er Austur- og Vestur-Evrópa voru aðskildar með lokuðum landamærum voru örlög öll í höndum kjarnavopnaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þjóðverjar voru ein af sex stofnþjóðum Evrópusambandsins 1956 og með efnahagslegum þunga sínum, sterkum gjaldmiðli og vexti, urðu þar mikið afl. Árið 1989 verða þau sögulegu straumhvörf að Sovétríkin leysast upp, Austur- og Vestur-Þýskaland sameinast og mörg ríki Austur Evrópu hverfa til stofnana vestræns samstarfs.

Angela Merkel var kjörin á þing hins nýlega sameinaða Þýskalands 1990 af heimahéraði sínu í hinu fyrrum Austur-Þýskalandi og hefur síðan ávallt verið endurkjörin þar. Á þinginu – Bundestag – var frami hennar skjótur og varanlegur þar sem hún sinnti ýmsum embættum og eftir kosningarnar 2005 varð hún fyrst kvenna kanslari Þýskalands. Eftir enn annan sigur í kosningunum árið 2017 lýsti hún því yfir að hún myndi ekki gegna starfi kanslara lengur en til 2021 og hefur þegar hætt sem flokksformaður. Hún var áhugasöm um að varnarmálaráðherra Þýskalands, Ursula von der Leyen, tæki við á árinu sem forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, svo sem varð og er athyglisvert.

Sendiherra ESB á Íslandi, Michael Mann, kynnti von der Leyen til leiks í grein í Fréttablaðinu 31. júlí sl. undir fyrirsögninni „Nýr kafli í sögu ESB“. Þar segir m.a. að hinn nýi forseti vilji auka lögmæti evrópsks lýðræðis með því að lúta vilja meirihluta þingmanna Evrópuþingsins um að samin skuli ný löggjöf. Þá vill von der Leyen líka að borgarar Evrópusambandsins taki þátt og leiki lykilhlutverk í uppbyggingu Evrópusambandsins til framtíðar, meðal annars með tveggja ára ráðstefnu um framtíð Evrópu sem hefjist árið 2020. Minnt er á að undanfarna áratugi hafi Evrópusambandið stækkað svo að telja 28 aðildarríki með 500 milljónum íbúa, sé til áhrifa og vilji taka ábyrgð á sjálfu sér. Að sögn sendiherrans verður viðfangsefni Ursulu von der Leyen að leiða þetta einstaka og öfluga verkefni til farsællar framtíðar. Þá mætti ætla að stjórnkænska og styrkur Þýskalandskanslarans vegi þungt. Það væri mikil og verðug lok hins einstaka ferils Angelu Merkel, að koma að þeim endurbótum á starfsemi ESB sem nútíminn kallar eftir.




ÚRVAL ÚTSÝN

ALICANTE BENIDORM KANARÍ ALBÍR TENERIFE

# DÚNDURTILBOÐ!

Ágúst - September

TAKMARKAÐ MAGN SÆTA

Nú er að hrökkva eða stökkva! Við erum með flugsæti og pakkaferðir á frábæru verði í ágúst. Framlengdu sumarfríið, komdu ástinni þinni á óvart og búðu til nýjar minningar. Við bjóðum fjölda hótela sem rúma stórar sem litlar fjölskyldur. Ef þú finnur ekki gistingu sem hentar, þá geta ferðaráðgjafar okkar fundið hana fyrir þig.

## FLUG AÐRA LEIÐ

**KEFLAVÍK - ALICANTE**
22. ÁGÚST // **9.900 KR.**

**KEFLAVÍK - ALICANTE**
23. ÁGÚST // **9.900 KR.**

**KEFLAVÍK - ALMERÍA**
23. ÁGÚST // **9.900 KR.**

**KEFLAVÍK - ALICANTE**
27. ÁGÚST // **27.900 KR.**

**KEFLAVÍK - ALICANTE**
30. ÁGÚST // **27.900 KR.**

## ÁGÚST TILBOÐ

**ALICANTE**
23. - 29. ÁGÚST // **27.900 KR.**

**ALICANTE**
23. - 30. ÁGÚST // **27.900 KR.**

**ALMERÍA**
23. - 30. ÁGÚST // **47.900 KR.**

**KANARÍ**
26. ÁGÚST - 2. SEPT. // **47.900 KR**

**KANARÍ**
26. ÁGÚST - 9. SEPT. // **47.900 KR.**

**TENERIFE**
21. - 28. ÁGÚST // **27.900 KR.**

## SEPTEMBER TILBOÐ

**KANARÍ**
2. - 9. SEPT. // **47.900 KR.**

**TENERIFE**
26. ÁGÚST - 2. SEPT. // **47.900 KR.**

**ALICANTE**
27. ÁGÚST - 3. SEPT. // **43.700 KR.**

**TENERIFE**
2. - 12. SEPT. // **47.900 KR.**

**ALICANTE**
5. - 12. SEPT. // **43.700 KR.**

**INNIFALIÐ MEÐ ÖLLU FLUGI** ER FLUG, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA & HANDFARANGUR

Innifalið í verði er flug, uppgefin gisting þar sem á við, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur



ÁVALLT SÓL SKÍN
2018
Framúrskarandi fyrirtæki
SKYNDITILBOÐ!
FLUG BÁÐAR LEIÐIR TIL
TENERIFE
MIÐVIKUDAGINN 21. - 28. ÁGÚST
27.900,-
INNRITAÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR INNIFALINN
SKYNDITILBOÐ!
FLUG AÐRA LEIÐ TIL
ALMERÍA
FÖSTUDAGINN 23. ÁGÚST
9.900,-
HOTEL ZENTRAL CENTER ****
TENERIFE
18 ÁRA OG ELDRI
24. – 31. ÁGÚST
Tvíbýli.
VERÐ FRÁ 79.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
HOTEL AVENIDA ****
BENIDORM
HÁLFT FÆÐI
22. – 29. ÁGÚST
Tvíbýli með hálfu fæði.
VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 126.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
KAKTUS ****
ALBIR
HÁLFT FÆÐI
23. - 30. ÁGÚST
Tvíbýli með hálfu fæði.
VERÐ FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 83.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
GREEN GARDEN RESORT & SUITES ****
TENERIFE
24. - 31. ÁGÚST
Íbúð með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 68.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 99.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
APARTAMENTOS TENEGUIA **
KANARÍ
FRÁBÆRT VERÐ
26. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn.
VERÐ FRÁ 52.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 64.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
ALBIR PLAYA HOTEL & SPA ****
ALBIR
29. ÁGÚST - 5. SEPTEMBER
Tvíbýli með morgunverði.
VERÐ FRÁ 68.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 88.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
KANARÍ
9. - 16. SEPTEMBER
Premier smáhýsi með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 85.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 102.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
CORDIAL MOGAN VALLE ***
KANARÍ
16. - 23. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS
TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA Í SÍMA 585 4000 EÐA SENDU OKKUR PÓST Á INFO@UU.IS
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Fundað vegna tapreksturs vallarins

**Tekjur KSÍ fyrstu sex mánuði ársins eru á pari við áætlanir. Tap á Laugardalsvelli vegna fækkunar á leikjum á vellinum. Sambandið fundar með Reykjavíkurborg vegna vallarins. Ekkert bruðl í landsliðsferðum. Yngri flokka leikir í boði á erlendum veðmálasíðum.**



Laugardalsvöllur verður til umfjöllunar hjá borginni og KSÍ á fundi von bráðar. Völlurinn skilaði 25,5 milljóna króna tapi á síðasta ári eða tveimur milljónum á mánuði. Eigið fé vallarins var samkvæmt síðustu ársskýrslu sambandsins neikvætt um 41,7 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FÓTBOLTI** Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, kynnti sex mánaða uppgjör sambandsins á síðasta fundi stjórnar KSÍ sem fram fór 8. ágúst. Þar kemur fram að flestir liðir í rekstrartekjum og -gjöldum eru í samræmi við áætlanir en rekstrartekjur Laugardalsvallar eru undir áætlun ársins.

Rekstrartap vegna Laugardalsvallar í fyrra nam um 25,5 milljónum króna samkvæmt ársskýrslu KSÍ. Var eigið fé Laugardalsvallar neikvætt í árslok um 41,7 milljónir. Klara segir í samtali við Fréttablaðið að tap vegna reksturs vallarins sé svo sem þekkt stærð en vegna fækkunar á knattspyrnuleikjum á Laugardalsvelli eru tekjur ekki eins og gert var ráð fyrir.

„Völlurinn er því miður rekinn með tapi ár eftir ár en það er svo sem ekkert leyndarmál,“ segir hún. Á fundi stjórnar KSÍ í júní kom fram að Guðni Bergsson, formaður KSÍ, hefði sent bréf frá KSÍ til Reykjavíkurborgar um rekstrarsamning og ástand vallarins. Í framhaldi af því munu formaður og framkvæmdastjóri funda með fulltrúa Reykjavíkurborgar

Hún segir að tekjulega sé KSÍ á áætlun og á seinni helmingi ársins séu spilaðir nokkrir heimaleikir í A-landsliðunum. „Við reiknum með ákveðinni miðasölu og vonumst til að þær áætlanir standist. Við erum bjartsýn á að miðasala á landsleikina verði góð, við höfum ekki áhyggjur af því að hér verði tómur völlur þegar landsliðin okkar spila. Það kæmi á óvart. Við erum bjartsýn á að tekjur verði miðað við áætlanir.“

Fram kom í máli Klöru á fundi stjórnarinnar að rekstrarkostnaður landsliða væri yfir áætlun enda hefur til dæmis bæði flug- og gistikostnaður hækkað umfram það sem gert var ráð fyrir og ekki var gert ráð fyrir úrslitakeppni EM U17 karla í áætlun.

„Við settum áætlun saman um leið og U17 ára liðið komst í úrslitakeppnina á Írlandi sem stóðst nokkurn veginn. En allir sem ferðast á milli landa þekkja og vita að flug- og hótelkostnaður hefur hækkað. Öll flug eru að hækka. Það er ekkert bara til og frá Íslandi, heldur líka erlendis. Við þurftum í vor að kaupa ný flug samdægurs eftir að flug féll niður með SAS sem dæmi og það er dýrt.“

**Tökum stundum með nesti**

Stjórn KSÍ ítrekaði mikilvægi þess að formenn landsliðsnefnda rýni vel í kostnað við sín lið og aðstoði við að gæta aðhalds fyrir hvert og eitt landslið. Fjárhags- og eftirlitsnefnd mun standa fyrir innri endurskoðun á samþykktarferlum og öðru slíku í haust í samræmi við hlutverk nefndarinnar. „Þetta snýst um að vera ekki að bruðla. Stundum förum við með nesti fyrir okkar fólk ef við erum að millilenda á dýrum flugvöllum sem dæmi. Tökum þá með okkur samlokur.

Einnig má til dæmis nefna að við reynum að semja um þvott fyrir liðin. Við borgum töluvert fyrir þvott og yfirvigt er orðin mjög dýr og fjöldi taska. Við veltum því fyrir okkur hvort við séum að fara með of mikið í hverja ferð. Hvort við þurfum 20 töskur í þetta landsliðsverkefni í staðinn fyrir að ná að troða í færri töskur og svona mætti áfram telja. Við erum að rýna í alls konar hluti. Við segjum að molar séu líka brauð.“

> **Yngri flokka leikir hér á landi eru því miður í boði á erlendum vefsíðum. Við vitum af því en getum lítið gert í því.**
>
> Klara Bjartmarz, framkvæmdarstjóri KSÍ



Hún bendir á að það séu miklar sveiflur, til dæmis þarf ekki annað til að áætlun riðlist til að við bætist dýrt innanlandsflug í Evrópukeppnum yngri landsliða.

**Hægt að veðja á leiki í yngri flokkum**

Klara kvaddi sér einnig hljóðs á fundinum og benti á að sænska happdrættiseftirlitið er farið, á grundvelli nýrra veðmálalaga í Svíþjóð, að sekta veðmálafyrirtæki í landinu fyrir að bjóða upp á veðmál á leiki yngri flokka í knattspyrnu, meðal annars leiki á Íslandi. Samkvæmt nýju lögunum er veðmálafyrirtækjum óheimilt að bjóða upp á veðmál sem tengjast viðburðum þar sem meirihluti þátttakenda eru undir 18 ára aldri. Stjórn KSÍ ítrekaði mikilvægi þess að unnið væri hörðum höndum að því að koma í veg fyrir að hægt sé að veðja á leiki í yngri flokkum í knattspyrnu á Íslandi.

„Yngri flokka leikir hér á landi eru því miður í boði á erlendum vefsíðum. Við vitum af því en getum lítið gert í því. Við bregðumst aðeins við ef okkur berast ábendingar um að reynt sé að hafa áhrif á úrslit leikja. Þá flöggum við því til okkar samstarfsaðila, til dæmis UEFA.“

Í nýrri skýrslu frá Starlizard Integrity Services, í samstarfi við Stats perform og TXOdds, kemur fram að 58 leikir í yngri flokkum um allan heim voru merktir vegna grunsamlegra veðmála.

Klara segir að ekkert hafi þó komið út úr slíkri könnun en KSÍ fær reglulega ábendingar um misgjörðir. „Við förum ekkert í neina rannsóknarvinnu byggt á slíkum ábendingum. Okkar bakland er UEFA sem tekur við boltanum. Það er alveg ljóst að við viljum efla fræðslu í framtíðinni. Það er það sem við teljum mikilvægast. Það á ekki að vera að setja þá pressu á krakka að það sé verið að veðja á leiki hjá þeim. Þetta eru bara börn að leik.“ benediktboas@frettabladid.is

# Breyting í gervigras kostar borgarbúa átta milljónir króna

**FÓTBOLTI** Reykjavíkurborg samþykkti á borgarráðsfundi í síðustu viku að greiða Gröfu og grjóti ehf. um átta milljónir vegna riftunar borgarinnar á samningi vegna endurbóta á grasvelli sem hætt var við. Vorið 2018 var ákveðið að skynsamlegt væri að hverfa frá kostnaðarsömum endurbótum á grasvöllum Víkings en setja þess í stað gervigras á aðalvöll félagsins. Þetta var að tillögu félagsins og var talin betri nýting á fjármunum borgarinnar þótt ljóst væri að þessi breyting á framkvæmdinni myndi þýða að greiða þyrfti verktaka vegna samnings um fyrirhugaðar endurbætur. „Þetta mál er klúður alveg sama hvernig á það er litið. Hér gerir borgin samning sem hún getur ekki staðið við og mun kosta borgarbúa 8 milljónir. 8 milljónir sem hent er út um gluggann,“ segir í bókun Kolbrúnar Baldursdóttur í Flokki fólksins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins létu bóka að það væri skaði að borgin þyrfti að greiða yfir 8 milljónir í bætur til verktaka og lögfræðikostnað vegna breyttra ákvarðana eftir að verkið væri boðið út. „Betra hefði verið ef þessar milljónir hefðu farið í bætta aðstöðu,“ segir í bókun flokksins. Meirihlutinn benti á að fullkominn heilsársgervigrasvöllur væri orðinn staðreynd sem nýttist frá morgni til kvölds.

Samkomulag var samþykkt í borgarráði 26. apríl 2018 um uppbyggingu á aðalvellinum sem fólst í lagningu gervigrass ásamt snjóbræðslukerfi, vökvunarkerfi og flóðlýsingu. Samkvæmt samkomulaginu var einnig hætt við fyrri áform um endurgerð grasæfingasvæðis. Bætur vegna riftunar eru 7.716.644 krónur, með vöxtum. Kostnaður við matsmann og lögmannskostnaður er um 700 þúsund. Greiðslur fóru fram 16. ágúst.



Víkingur ætlaði að láta laga grassvæðið en féll frá því og fór í gervigras þar sem fallegur fótbolti hefur sést í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samningurinn hljóðaði upp á 67 milljónir króna en í apríl var verktakanum tilkynnt að hætt væri við verkefnið. Í maí vildu lögmenn verktakans fá 38 prósent vegna hagnaðarmissis eða um 27,6 m. kr. auk útlagðs kostnaðar vegna vökvunarkerfis og kaupa á framdrifsvörubifreið sem keypt hafði verið sérstaklega vegna þessa verkefnis. Því var hafnað af borginni. Eftir að samkomulag náðist ekki var fenginn inn að málinu dómkvaddur matsmaður. Sá komst að fyrrgreindri niðurstöðu. – bb

# Fólk
## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 20. ÁGÚST 2019




Hildur Inga Magnadóttir með dóttur sinni, Alexöndru Maren, sem fæddist með þindarslit sem ógnaði lífi hennar og heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Umvafin í erfiðustu aðstæðum lífsins

Hildur Inga Magnadóttir var gengin 34 vikur með frumburð sinn þegar alvarlegur fæðingargalli kom í ljós. Hún þakkar vökudeild Hringsins fyrir lífgjöf dóttur sinnar og hleypur 10 km maraþon fyrir deildina á laugardag. →2



Framhald af forsíðu ➜



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Það er ekkert í lífinu sem býr mann undir að eignast lífshættulega veikt barn,“ segir akureyrski háskólaneminn Hildur Inga Magnadóttir sem veturinn 2017 beið fæðingar frumburðar síns með eftirvæntingu.

„Á meðgöngunni lætur maður sig dreyma um hvernig lífið verður þegar barnið kemur í heiminn en heilbrigt barn er ekki sjálfgefið og þegar það fer öðruvísi þarf maður að aðlagast nýjum veruleika,“ segir Hildur sem eignaðist dóttur sína, Alexöndru Maren, þann 14. mars 2017.

## Fæddist með þindarslit

Hildur var gengin 34 vikur þegar í ljós kom að ófætt barnið væri með þindarslit.

„Þindarslit er alvarlegur fæðingargalli. Á fósturskeiðinu verður rof á þind barnsins og líffæri úr kviðarholi færast upp í brjósthol og taka pláss frá lungunum sem hindrar bæði vöxt og þroska þeirra,“ útskýrir Hildur.

Hún segir gæfu að þindarslitið uppgötvaðist fyrir áætlaðan fæðingardag Alexöndru því ekki er víst að sú litla hefði annars lifað af sjúkraflug til Reykjavíkur.

„Þar sem fæðingargalli hennar uppgötvaðist fyrir fæðingu vorum við send suður og þurftum að bíða þar í fimm vikur eftir að hún fæddist. Þá var hún strax lögð inn á vökudeild þar sem hún barðist fyrir lífi sínu í hartnær þrjá mánuði. Eins og alltaf samanstóð bataferlið af nokkrum skrefum áfram og líka skrefum aftur á bak en tæplega þriggja mánaða var Alexandra Maren send heim og talið að hún væri komin yfir erfiðasta hjallann. Nokkrum vikum síðar kom bakslag og hún var aftur send suður á barnadeild Hringsins og svo aftur heim, en við vorum þá eins og jójó á milli Reykjavíkur og Akureyrar um tíma,“ útskýrir Hildur.

Stóra bakslagið kom þegar Alexandra Maren varð hálfs árs.

„Þá veiktist hún aftur mjög alvarlega, var send suður og þá flakkaði hún á milli barnadeildar og gjörgæslu. Gjörgæsludeildin reyndist svo full í eitt skiptið og fór hún því á vökudeildina sem tekur yfirleitt ekki við börnum eldri en þriggja mánaða. Þarna var gerð undantekning fyrir Alexöndru sem naut gjörgæslumeðferðar á vökudeild þar til hún var orðin nógu stöðug til að hægt væri að flytja hana á gjörgæsludeild þar sem hún dvaldi síðan í margar vikur. Við höfum því tvisvar verið með Alexöndru á vökudeild Hringsins sem er okkur fjölskyldunni afar kær.“



Með söfnun áheita fyrir vökudeildina vill Hildur vekja athygli á mikilvægu málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON



Fyrir fjórum mánuðum fæddist þeim Hildi Ingu og Ásgeiri Ólafssyni Lie sonurinn Kristian Magni Róman og þar með var Alexandra Maren orðin stóra systir.

## Fær venjulegt uppeldi

Alexandra Maren varð tveggja ára í mars og líður vel, að sögn móður hennar.

„Þegar barn fæðist með lungnasjúkdóm tekur við langt ferli því það tekur lungun mörg ár að stækka og þroskast. Alexandra er að ná ótrúlega góðum bata en eftir að hún veiktist alvarlega sex mánaða var ákveðið að hún yrði tengd öndunarvél allan sólarhringinn til að auðvelda henni lífið. Hún er í leikskóla eins og hvert annað barn, þótt það fylgi henni nokkrir aukahlutir, og þar er komið fram við hana eins og hin börnin. Alexandra fær enga sérmeðferð þrátt fyrir að vera með barkarauf (e. tracheostomy) og tengd við öndunarvél og við foreldrarnir leggjum okkur fram um að hún fái venjulegt uppeldi. Þetta er verkefni sem mun taka nokkur ár en að lokum mun hún losna við aukahlutina sína.“

Við fæðingu var annað lunga Alexöndru Marenar í þokkalega góðu standi en minna lungað gerði lítið sem ekkert gagn.

„Minna lungað á eftir að taka við sér og við sjáum á bata hennar að allt er það í rétta átt. Það er vel hægt að lifa með eitt lunga en vitaskuld er það bónus ef veika lungað getur hjálpað til, þótt erfitt sé að segja til um þroska þess og getu í framtíðinni núna.“

## Mælsk, lífsglöð og dugleg

Hildur Inga segir Alexöndru Maren vera með eindæmum fjörugt og lífsglatt barn.

„Hún þekkir ekki annað en að draga öndunarvélina á eftir sér og er meðvituð um veikindi sín. Hún lætur það líka skýlaust í ljós þegar hún vill vélina eða ekki, sem er magnað. Orðin tveggja ára hleypur hún um allt og gerir allt það sama og önnur börn nema hvað hún getur ekki farið í sund. Þegar maður er með túpu í hálsinum hindrar hún flæði lofts í gegnum raddböndin, en Alexandra fann sér samt leið til að tala og talar stundum óþarflega mikið,“ gantast Hildur Inga um mælsku dóttur sinnar.

Fyrir fjórum mánuðum eignaðist Alexandra Maren lítinn bróður, Kristian Magna Róman.

„Til að byrja með var Alexandra svolítið smeyk við bróður sinn og fannst hann vera óþarflega hávaðasamur en nú er hún búin að taka hann í sátt og er líklega ein besta stóra systir sem fyrirfinnst, svo yndislega blíð og góð við hann.“

## Í bestu mögulegu höndum

Hildur Inga er 27 ára. Hún stundar nú meistaranám í geðheilbrigðisfræði við Háskólann á Akureyri og dreymir um að læra líka klíníska barnasálfræði til að geta starfað sem barnasálfræðingur í framtíðinni. Í fyrrasumar hafði hún áætlað að hlaupa til styrktar vökudeildinni en komst að því að hún væri með barni og frestaði hlaupinu um ár.

„Við munum aldrei geta fullþakkað starfsfólki vökudeildarinnar fyrir það sem það gerði fyrir litlu stelpuna okkar og okkur fjölskylduna en með því að safna áheitum fyrir vökudeildina get ég vonandi gefið örlítið til baka og um leið vakið athygli á frábæru málefni,“ segir Hildur.

> **Ekkert býr mann undir að skilja fárveikt barn sitt eftir hjá ókunnugum en þegar maður veit að barnið er í góðum, ástríkum höndum verður auðveldara að sleppa takinu.**

Hún segir andrúmsloftið á vökudeildinni umvafið hlýju og kærleik.

„Starfsfólk vökudeildar er allt sem eitt dásamlegt og þar var óskaplega vel tekið á móti okkur. Á vökudeild er maður líklega í erfiðustu aðstæðum lífsins og þá er ómetanlegt að bíði manns jafn hjartahlýtt og frábært fólk sem er virkilega umhugað um börnin sem þangað koma. Á vökudeild var ofboðslega vel hugsað um Alexöndru. Ekkert býr mann undir að skilja fárveikt barn sitt eftir hjá ókunnugum en þegar maður veit að barnið er í góðum og ástríkum höndum verður auðveldara að sleppa takinu. Það er sárt að geta ekkert gert til að hjálpa barninu sínu sjálfur og þá huggar að vita að barnið er í bestu mögulegu höndum. Þá á ég ekki eingöngu við að starfsfólkið sé læknisfræðilega afar hæft í sínu starfi, heldur var öll umönnun svo falleg hjá starfsfólkinu og allir svo undurgóðir við Alexöndru í bæði skiptin sem hún var á vökudeildinni.“

Þau Hildur Inga og unnusti hennar, Ásgeir Ólafsson Lie, dvöldu í íbúð á vegum Barnaspítalans í fyrra skiptið en á lausri sjúkrastofu innan spítalans í seinna skiptið.

„Alexandra var í lífshættu fyrstu vikur lífsins og fór í stóra aðgerð þar sem þindinni var lokað. Þegar ástandið var tvísýnt var mjög erfitt að kveðja hana á kvöldin og því gott að geta verið nærri henni þegar ástandið var hvað alvarlegast. Ég hefði sennilega ekki getað farið út af spítalanum annars og fannst mikið öryggi fyrir okkur að vera í sama húsi.“

## Vökudeildin öllum hjartfólgin

Til að safna áheitum fyrir Hringinn Barnaspítalasjóð Vökudeild ætlar Hildur Inga að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu um næstu helgi.

„Ég hef nú aldrei verið neinn sérstakur hlaupagarpur en hef nokkrum sinnum í sumar hlaupið 10 kílómetra og ætti að komast í mark. Ég setti mér raunhæft markmið sem ég hef þegar náð en hvet sem flesta til að styrkja vökudeildina. Maður veit aldrei hvenær börnin manns þurfa á þjónustu hennar að halda og þar þarf að vera allt til alls ef eitthvað bregður út af. Vökudeildin er þjóðinni hjartfólgin og málefnið kemur öllum við. Saman berum við ábyrgð á börnunum okkar, það þurfa ótrúlega margir á þjónustu vökudeildarinnar að halda og því er góð tilfinning að leggja vökudeildinni lið.“

Hægt er að heita á Hildi Ingu hér: https://www.hlaupastyrkur.is/einstaklingar/keppandi?cid=72191

STJÓRNENDANÁM
Stjórnendafræðslunnar

SA BUSINESS ICELAND · Samband stjórnendafélaga · SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Vilt þú bæta árangur þinn í starfi og auka við þig þekkingu?

Stjórnendanám Stjórnendafræðslunnar er sniðið að þörfum stjórnenda og millistjórnenda á vinnumarkaði og verkefnin unnin út frá þínum þörfum. Inn á **stjornendanam.is** getur þú lesið þér til um hverja lotu fyrir sig.

Námið er kennt í **100% fjarnámi** í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri.

Lota 1 hefst 1. september

Nemendur okkar koma úr öllum áttum og viljum við hafa sem fjölbreyttastan nemendahóp með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu. Námið fer alfarið fram á netinu, nemendur hittast þó einu sinni í viku í gegnum samskiptaforritið Zoom. Á þeim fundum er mikið lagt upp úr því að nemendur læri af hvor öðrum enda gríðarlega mikil þekking og kunnátta í nemendunum sjálfum. Engin krafa er gerð um fyrri menntun eða stjórnunarreynslu. Aðalmálið er að nemandinn sjálfur vilji verða betri stjórnandi og/eða millistjórnandi. Okkar framtíðarsýn er sú að allir okkar stjórnendur fari í gegnum þetta nám, vinnumarkaðinum til góða.

Stjornendanam.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir,** hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


ALLT INNIFALIÐ
MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM
2042
214.900 KR.
161.175 KR.
2020
287.900 KR.
215.925 KR.
104
462.900 KR.
347.175 KR.
6080
477.900 KR.
358.425 KR.
115
451.900 KR.
338.925 KR.
113
343.900 KR.
257.925 KR.
117
367.900 KR.
275.925 KR.
106
355.900 KR.
266.925 KR.
2006
271.900 KR.
203.925 KR.
114-1
430.900 KR.
323.175 KR.
129
427.900 KR.
320.925 KR.
ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI
ATH. GRANÍTHÖLLIN ER FLUTT
ÚR MÖRKINNI 4,
AÐ FOSSALEYNI 16, 112 REYKJAVÍK
*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS




RISA
ÚTSALA
35-60 % AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Á PARKETI & FLÍSUM
SÉRTILBOÐ
HVÍTAR SLÉTTAR
INNIHURÐIR
VERÐ AÐEINS KR.
31.990
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Konur reyndust ekki betri en karlar

**Það er lífseig mýta að konur eigi auðveldara með að einbeita sér að mörgum hlutum í einu og geti frekar haldið mörgum boltum á lofti en karlmenn. Ný rannsókn afsannar þetta.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Enginn munur var á körlum og konum við úrlausn verkefnanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Í könnun, sem gerð var árið 2015 og náði yfir tæplega 500 þátttakendur frá nokkrum löndum, kom í ljós að 80% þátttakenda trúðu því að konur væru betri en karlmenn í að fjölvinna eða gera margt í einu. Ný þýsk rannsókn sýnir aftur á móti að þetta er líklega ekki rétt.

Dr. Patricia Hirsch við RWTH-háskólann í Aachen í Þýskalandi fékk 96 þátttakendur, 48 karlmenn og 48 konur á svipuðum aldri, til að þreyta tvenns konar próf. Í öðru prófinu urðu þátttakendurnir að leysa verkefni til skiptis, í hinu urðu þeir að leysa tvö verkefni samtímis. Til að tryggja að hóparnir væru samanburðarhæfir tóku allir þátttakendur próf áður en rannsóknin hófst þar sem gengið var úr skugga um að þeir væru við góða andlega og líkamlega heilsu.

Að leysa verkefni samtímis krefst meiri vinnu fyrir heilann þar sem vitsmunaleg úrvinnsla verkefnanna skarast tímabundið. Með öðrum orðum: Heilinn þarf meiri orku til að leysa úr tveimur verkefnum í einu en þegar hann getur einbeitt sér að einu verkefni. Það sem heilinn gerir þegar mörgum verkefnum er sinnt á sama tíma er að hann skiptir hratt á milli verkefna í stað þess að vinna úr þeim á sama tíma. Það krefst aukinnar athygli sem er áreynsla fyrir heilann.

### Þátttakendur leystu tvö verkefni

Rannsóknin fór þannig fram að Hirsch og samstarfsfólk hennar báðu þátttakendurna um að einbeita sér fyrst að tveimur verkefnum á sama tíma. Næst voru þeir beðnir um að skipta athyglinni á milli verkefna. Í báðum verkefnum áttu þátttakendur að flokka bókstafi í samhljóða og sérhljóða og flokka tölustafi í sléttar tölur og oddatölur.

Þátttakendur áttu að nota ákveðna lykla á lyklaborði til að flokka stafina, sem birtust annaðhvort vinstra eða hægra megin á skjánum. Til að flokka stafi, bæði bókstafi og tölustafi, sem birtust vinstra megin átti að ýta á X eða Y á lyklaborðinu en N og M til að flokka stafina hægra megin. Þátttakendur máttu aðeins nota vísifingur og löngutöng til að ýta á lyklaborðið. Í fyrra verkefninu birtust stafirnir báðum megin á skjánum og þátttakendur urðu því að einbeita sér að tvennu í einu. Það er að segja, þeir urðu að flokka stafina báðum megin á skjánum og nota lyklaborðsskipanir fyrir báða helminga samtímis. Í seinna verkefninu birtust stafirnir bara öðrum megin á skjánum í einu.

Rannsakendurnir mældu hversu hratt og rétt þátttakendur leystu verkefnin í báðum tilvikum. Það kom í ljós að þegar þátttakendur einbeittu sér að báðum hliðum skjásins í einu voru þeir bæði lengur að bregðast við og líklegri til að gera mistök. Aftur á móti var enginn munur á kynjunum í þessu samhengi. Bæði kynin leystu jafn vel, eða illa, úr báðum verkefnum.

> **Þátttakendur áttu að flokka bókstafi og tölustafi sem birtust á tölvuskjá.**

Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að örlítill munur sér á kynjunum hvað varðar að leysa úr mörgum verkefnum í einu. Dr. Patricia Hirsch segir því að hennar rannsókn geti ekki útilokað að einhver munur sé á þeim að því leyti. Hún lagði áherslu á það í rannsókn sinni að útiloka allar breytur sem gætu skekkt niðurstöður rannsóknarinnar til að fá sem nákvæmasta útkomu.

Aðferðin sem notuð var í rannsókninni mælir aðallega þrenns konar heilastarfsemi. Uppfærslu vinnsluminnis, athygli og hindranir. Niðurstöður rannsóknarinnar benda sterklega til að enginn munur sé á kynjunum hvað þessi atriði varðar.




Viltu víkka sjóndeildarhringinn, auka færni þína og reynslu?

Kynntu þér allt það sem **Erasmus+** og **Nordplus** styrktaráætlanirnar hafa upp á að bjóða.

Nánari upplýsingar má finna á: **www.erasmusplus.is** og **www.nordplusonline.org**

Erasmus+ Nordplus rannís www.rannis.is

## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr bíl. Má vera dálítið ryðgaður og illa á sig kominn. Verður að vera í toppstandi og skoðaður.Staðgreiðist ! Uppl. s: 480-2109

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Hellulagnir,lóðastaðsetning, skjólveggir og pallasmiði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufræðingur s: 697-8588.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

### Til sölu

**mýranaut**

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is







Bókið skoðun

Einstök hönnunarperla við eina fallegustu götu borgarinnar
302,4 fm með 27,7 fm bílskúr auk um 20 fm sólstofu
Stórglæsilegur garður og mjög fallegt útsýni
Vegleg stofa og stór borðstofa
Hjónasvíta og fjögur herbergi þar af heillandi vinnustofa
Fjögur baðherbergi eða snyrtingar og heitur pottur



Nánari upplýsingar veitir:
**Þórunn Pálsdóttir,** lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is **sími:** 773 6000

Verð :
**159,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Tilkynningar

### Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar





**Honda CR-V Elegance**
Nýskráður 3/2014, ekinn 66 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð **kr. 2.950.000**
Afborgun kr. 39.648 á mánuði



**Honda Civic Comfort 5 dyra**
Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð **kr.2.490.000**
Afborgun kr. 31.639 á mánuði



**Honda CR-V Elegance**
Nýskráður 6/2016, ekinn 53 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð **kr. 3.490.000**
Afborgun kr. 44.282 á mánuði



**Honda HR-V Executive**
Nýskráður 8/2016, ekinn 33 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Tilboð **kr. 3.090.000**
Afborgun kr. 39.225 á mánuði



**Nissan Qashqai Acenta**
Nýskráður 10/2014, ekinn 86 þús.km., dísel, beinskiptur.
Verð **kr. 1.490.000**
Afborgun kr. 18.996 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is






GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is


ÞURRKBOX
FYRIR SUMARVAGNA Í VETRARGEYMSLUR
HJÓLHÝSI, FELLIHÝSI, HÚSBÍLAR, BÍLALEIGUBÍLAR OG VIÐKVÆM RAFTÆKI
KINGFISHER homeware
Dehumidifer
TILBOÐ
3 BOX FYRIR 2. SAMTALS:
1.500 KR
VERNDAR GEGN RAKASVEIFLUM, DREGUR Í SIG RAKA, MINNKAR LÍKUR Á MYGLU
LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA
íshúsið
viftur.is
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur


Sérfræðingar í
ráðningum
Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
FAST
Ráðningar
www.fastradningar.is

ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI

# DÍVUR

14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU



**FÁIR MIÐAR EFTIR!**
EKKI ER HÆGT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM

## SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN

DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS

GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR

light taste ICELANDAIR

MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENALIVE.IS/DIVUR

sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

20. ÁGÚST 2019 ÞRIÐJUDAGUR



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Snorri Ingimarsson**
læknir,
Laugarnesvegi 89,

sem lést 14. ágúst, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 28. ágúst klukkan 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Kolbrún Finnsdóttir**
**Áslaug Snorradóttir**
**Ingimar Guðmundsson og Arna Björk Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur sambýlismaður, faðir okkar, bróðir, afi og frændi,

**Steinar Farestveit**
fyrrv. yfirverkfræðingur hjá Stokkhólmsborg,

andaðist í Stokkhólmi 6. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Ekerö kirkju, Stokkhólmi, fimmtudaginn 5. september kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósberasjóð Vídalínskirkju sem stofnaður var í minningu um foreldra hans, Einar og Guðrúnu Farestveit. Sjóðurinn styður börn og ungmenni til þroska. Reikningsnr. 0318-22-742, kt. 570169-5649.

**Cecilia Wenner**
**Stefan Farestveit**
**Tomas Farestveit** **Margareta Farestveit**
**Jessica Farestveit Paulin** **Petter Paulin**
**Hanna Farestveit Hallbrink** **Frederik Hallbrink**
**Conny Lavin** **Lena Lavin**
**Arthur Knut Farestveit** **Dröfn H. Farestveit**
**Gerda Farestveit** **Þórður Guðmundsson**
**Hákon Einar Farestveit** **Guðrún Farestveit**
**barnabörn og frændsystkin.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík Sími 553 5353 og 821 5353 www.usr.is isleifur@usr.is **Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# Mussila fékk gullverðlaun

**Stafræni íslenski tónlistarleikurinn Mussila fékk virt foreldraverðlaun í Bandaríkjunum sem besta appið. Það eru þriðju verðlaunin sem honum hlotnast á ári.**




Þessi mynd var tekin þegar Margrét tók við Comenius-menntaverðlaununum í júní.

Margrét J. Sigurðardóttir er höfundur tölvuleiksins Mussila, sem börn víðs vegar um heim læra tónlist í gegnum. Nýlega fékk Mussila gullverðlaunin Parents Choice Awards sem besta appið.

„Þetta eru stærstu verðlaun sem við höfum fengið hingað til. Þau eru okkur gríðarlega mikilvæg því við erum á markaði sem er krefjandi að fara inn á,“ segir Margrét og bendir á að þarna sé notandinn annar en sá sem þarf að kaupa vöruna. „Dómnefndin er skipuð foreldrum sem leita að besta barnaefninu hverju sinni og hún veitir okkur gullverðlaunin. Það hefur mikið að segja fyrir framtíð okkar.“

Í júní síðastliðnum fékk Mussila Comenius-menntaverðlaun sem besta smáforritið og í nóvember 2018 þýsku námsgagnaverðlaunin Pedoegococal Media Awards fyrir besta stafræna efnið fyrir börn. Í heild hafa yfir 500 þúsund notendur náð sér í leikinn víðs vegar um heim. Upphaflega var hann frír, síðan jókst fræðslugildi hans og nú er áskriftarmódel komið á markað.

En hvernig hugkvæmdist Margréti þessi leið til tónlistarkennslu? „Það leiddi eitt af öðru. Ég hafði verið með Hallfríði Ólafsdóttur í verkefninu Maxímús Músíkús og við létum gera tölvuleik sem gekk vel. Þá fékk ég sterka trú á að þessi leið hentaði vel, ekki síst í kennslu á nótnalestri og tónfræði. Þegar okkar samstarfi lauk fór ég út í hana af fullum krafti og fyrirtækið Mussila var stofnað 2015. Þar starfa nú fimm manns.“

Söguna rekur Margrét reyndar lengra aftur. Sjálf kveðst hún hafa spilað eftir eyranu frá því hún man eftir sér en einnig farið akademíska leið. „Nótnalesturinn og tónfræðin varð svolítið út undan en þegar ég tók það loksins föstum tökum sá ég svolítið eftir að hafa ekki lært það almennilega í upphafi námsins, þá hefði mér gengið mun betur.“

Hún telur nótur eitthvað sem eigi að kenna börnunum á sama tíma og þau læri að lesa. „Þegar spjaldtölvan kom 2010 sá ég strax möguleikana í að nýta hana, því það er svolítill þröskuldur að yfirfæra tónlistina á blað og öfugt, en í tölvunni læra börnin jafnóðum gegnum leik.“

gun@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sveinsdóttir**
Baldursgötu 26,

andaðist á Hrafnistu Laugarási 15. ágúst. Jarðarför auglýst síðar.

**Gunnar V. Guðmundsson** **Pétrína Ó. Þorsteinsdóttir**
**Karl B. Guðmundsson** **Guðrún Vilhjálmsdóttir**
**Björgvin G. Guðmundsson** **Hildur Pálmadóttir**
**Þórir B. Guðmundsson** **Hafdís Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

**Níels Heiðar Kristinsson**
netagerðarmaður
frá Dalvík,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð 10. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Anton Páll Níelsson** **Inga María S. Jóninudóttir**
**Birgitta Níelsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**Þorleifur Kristinn Níelsson** **Eva Laufey Stefánsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Sigurðsson**
rithöfundur,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 9. ágúst, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Elsa Vestmann Stefánsdóttir**
**Steinþór Birgisson** **Ásta Vilhjálmsdóttir**
**Freyja Birgisdóttir** **Halldór Magnússon**
**Steinunn Björg Birgisdóttir** **Hólmsteinn Jónasson**
**Einar Ingi Ágústsson** **Ásta Margrét Guðlaugsdóttir**
**Elías Halldór Ágústsson**
**Eva Ágústsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn og faðir okkar,

**Julien Oberlé**

varð bráðkvaddur 14. ágúst. Útförin fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 22. ágúst kl. 13. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg/ Hjálparsveit skáta í Reykjavík.

**Anna Dagmar Arnarsdóttir**
**Viktor Oberlé**
**Axel Oberlé**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Sigurðsson**
fyrrverandi bóndi Brúnastöðum,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 14. ágúst. Útförin fer fram frá Mælifellskirkju laugardaginn 24. ágúst kl. 14.00.

**Sigurlaug, Böðvar Fjölnir,**
**Atli Norðmann, Iðunn María, Ylfa Rún,**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Greta María Sigurðardóttir**
Sandavaði 11, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 17. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. ágúst kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á reikning styrktar- og líknarsjóðs Rebekku stúkunnar 4 Sigríður, 0525-26-000410, kt. 691093-2529.

**Böðvar Páll Ásgeirsson**
**Þóra Brynja Böðvarsdóttir** **Árni Friðriksson**
**Ásgeir Baldur Böðvarsson** **Hjördís Arnardóttir**
**Þórunn Sif Böðvarsdóttir**
**Sigurður Arnar Böðvarsson** **Sigríður Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR



**Komdu núna og gerðu frábær kaup**

**Wistra sófi -** GRÁR / VÍNRAUÐUR
**60% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 179.900
**MEÐ 60% AFSLÆTTI 71.960**



SÓFAR — 20-60% AFSLÁTTUR

Diamond sófi
**Verð með 40% afslætti: 89.940 kr.**
Verð áður 149.900 kr.



HANDKLÆÐI — 20-70% AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
Handklæði 100x50cm
**Verð með 70% afslætti: 417 kr.**
Verð áður 1.390 kr.



GJAFAVARA — 20% AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
iVintage kökudiskur
**Verð með 20% afslætti: 15.936 kr.**
Verð áður 19.920 kr.



HEILSURÚM — 20-40% AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
Dreamline 160x200 cm
**Verð með 30% afslætti: 105.070 kr.**
Verð áður 151.100 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500
**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11 °C 7 | 10 °C 3 | 12 °C 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10 °C 1 | 10 °C 5 | 6 °C 7 |

Norðlæg átt 5-10 m/s og víða bjartviðri, en skýjað norðaustantil í fyrstu. Lægir í nótt, suðaustan 5-10 á morgun og skýjað með köflum, en dálítil rigning sunnantil á landinu. Austan 10-15 syðst annað kvöld. Hiti 8 til 15 stig að deginum, hlýjast á Vesturlandi, en hiti nálægt frostmarki um norðanvert landið í nótt.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13 °C 5 | 10 °C 3 | 13 °C 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10 °C 5 | 10 °C 10 | 10 °C 1 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14 °C 1 | 13 °C 2 | 11 °C 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10 °C 2 | 13 °C 2 | 11 °C 0 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**2.** atlaga
**6.** frá
**8.** þrá
**9.** frjó
**11.** nesoddi
**12.** verkfæri
**14.** glæpafélag
**16.** pot
**17.** svelg
**18.** efni
**20.** til
**21.** sáðjörð

**LÓÐRÉTT**
**1.** sléttur
**3.** holskrúfa
**4.** ákóf þrá
**5.** skjön
**7.** athafnasemi
**10.** iðka
**13.** ái
**15.** eyðimörk
**16.** munda
**19.** tveir eins



**LÁRÉTT:** **2.** árás, **6.** af, **8.** ósk, **9.** fræ, **11.** tá, **12.** nafar, **14.** mafía, **16.** ot, **17.** iðu, **18.** tau, **20.** að, **21.** akur.
**LÓÐRÉTT:** **1.** jafn, **3.** ró, **4.** ástríða, **5.** ská, **7.** framtak, **10.** æfa, **13.** afi, **15.** auðn, **16.** ota, **19.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Nepomniachtchi (2.774) átti leik gegn Caruana (2.818) á Sinquefield Cup-mótinu í St. Louis.

**Nepo lék 28...Bf8** og skákinni lauk með jafntefli skömmu síðar. **28...Hxa3!! 29. bxa3 Dxa3 30. f3 Da7!!** vinnur hins vegar. Hvítur getur ekki bæði valdað hrókinn á g1 og komið í veg fyrir b2 hjá svörtum. Helgi Áss er með fullt hús eftir fjórar umferðir í Lviv í Úkraínu. Guðmundur Kjartansson hefur 3½ vinning.

**ww.skak.is:** Sinquefield-mótið

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








„Þetta eru myndir þar sem ég túlka náttúruna í abstrakt landslagi,“ segir Hulda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ljóðræn málaralist Huldu

**Hulda Vilhjálmsdóttir túlkar náttúruna í abstrakt landslagi. Myndir á sýningunni tengjast minningum um föður hennar.**

Hulda Vilhjálmsdóttir sýnir verk sín í Gallerí Gróttu Seltjarnarnesi á sýningu sem verður opnuð í dag. Á sýningunni eru olíumálverk en einnig myndir sem eru unnar með vatnslitum, akrýl og bleki.

Sýningin nefnist Víðátta og þar eru náttúrumyndir afar áberandi. Í umsögn um sýninguna segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur að færa megi rök fyrir því að „tilbrigði Huldu um íslenska náttúru, fjöll og víðerni, séu eitt merkasta framlag hennar til íslenskrar myndlistar um þessar mundir“.



„Ég vil túlka þennan bláa lit sem við sjáum svo mikið í náttúrunni.“

### Þá glitra fjöllin

Um myndirnar á sýningunni segir Hulda: „Fyrir ári ákvað ég að vinna alveg frjálst og vera ekkert að hugsa um sýningu. Útkoman varð þessi. Þetta eru myndir þar sem ég túlka náttúruna í abstrakt landslagi. Þarna eru hafið, fjöllin og hálendið. „Meðan ég vann þessar myndir var ég að hugsa um barnæskuna. Ég kynntist fyrst náttúru Íslands á ferðum með foreldrum mínum. Pabbi, Vilhjálmur Ásmundsson múrarameistari, sem dó þegar ég var tvítug, var mikill náttúruunnandi. Myndirnar tengjast minningum um hann og því hvernig ég upplifði sem barn saklausa sýn á náttúruna. Þegar ég skoðaði myndlist sem ung stúlka þá var ég heilluð af náttúrumyndum, sérstaklega abstraktmyndum, sem mér fannst segja svo margt óvænt um náttúruna.“

Í myndum Huldu er blár litur oft áberandi. „Þegar ég var að alast upp sagði pabbi oft: Hulda, mundu eftir bláa litnum á Íslandi. Ég vil túlka þennan bláa lit sem við sjáum svo mikið í náttúrunni. Hér er svo mikil víðátta og við sjáum úr mikilli fjarlægð og þá glitra fjöllin.“

### Öfgakennt líferni

Talið berst að því sem Hulda segir vera öfgakennda lifnaðarhætti nútímamannsins. „Dóttir mín er 13 ára og tekur þátt í mótmælum ungmenna á föstudögum vegna loftslagsmálanna. Ég styð hana og aðra krakka. Þegar ég heyri í Gretu Thunberg þá tárast ég, barátta hennar er svo falleg og hún svo ung og saklaus. Stundum er það sakleysið sem opnar augu okkar. Við Íslendingar lifum mjög öfgakenndu líferni, miðað við hvað við erum fá. Hér eru alltaf sömu hugmyndir á kreiki: Stóriðja og hótelbyggingar. Við ættum að vera svo miklu skynsamari.“

Sýningin stendur til 22. september. Aðalsteinn Ingólfsson á lokaorðin: „Í kraftmiklum abstraktmyndum sínum eykur Hulda tvímælalaust nýjum víddum við ljóðrænu málaralistina sem menn töldu hafa gengið sér til húðar fyrir margt löngu.“

**kolbrunb@frettabladid.is**

## Hvað? Hvenær? Hvar?
Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 20. ÁGÚST 2019

### Dans

**Hvað?** Milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** 20.30-22.30
**Hvar ?** Iðnó, Vonarstræti 3
Argentínskur tangó dunar í Iðnó, Dj er Elín Laxdal. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en frítt er fyrir 30 ára og yngri.

### Tónlist

**Hvað?** Djass
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Tríó, skipað þeim Sigurði Flosasyni á saxófón, danska Hammondorgelleikaranum Kjeld Lauritsen og Einari Scheving á trommur, flytur djassstandarda og frumsamda tónlist í bland. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Ég var sælust allra í bænum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns, Laugarnestanga
Sólveig Sigurðardóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir píanó koma fram á síðustu tónleikum sumarsins í Sigurjónssafni. Þær flytja aríur og sönglög, meðal annars eftir Hugo Wolf, Richard Strauss, Paolo Tosti, Wolfgang A. Mozart og Gioachino Rossini. Aðgangseyrir er 2.500.



Sigurður Flosason og félagar koma fram á KEX hostel í kvöld.


SÖGUR AF PLÖTUM
– með Bubba Morthens



Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á frettabladid.is/hladvarp

HLAÐVARPIÐ
á frettabladid.is
– hlustaðu þegar þér hentar

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:
HAGKAUP Meira svona alla daga

FRETTABLADID.IS






# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2016-2017 Árborg - Grindavík**
**14.10 Tónstofan Haukur Morthens** Þættir frá 1990-1992 þar sem íslenskir tónlistarmenn eru sóttir heim.
**14.40 Nautnir norðursins Grænland - fyrri hluti**
**15.10 Manstu gamla daga? Lögin sem lifa**
**15.50 Ferðastiklur**
**16.35 Viðtalið Michael E. Mann loftslagsfræðingur**
**16.55 Sætt og gott**
**17.05 Íslendingar – Hörður Ágústsson** Fjallað er um Íslendinga sem settu svip sinn á íslenskt samfélag um sína daga með margvíslegum hætti. Þættirnir spegla jafnframt sögu þjóðarinnar og samtíð á ýmsum tímum, menningu, listir, stjórnmál og fleira. Þeir eru byggðir á efni úr safni Sjónvarpsins á nærfellt hálfrar aldar tímabili. Umsjón og dagskrárgerð: Andrés Indriðason.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.30 Hönnunarstirnin**
**18.47 Bílskúrsbras**
**18.50 Landakort Claus í Djúpavík** Árið 2003 sá Claus Sterneck grein í þýsku tímariti þar sem fjallað var um hótelið í Djúpavík á Ströndum. Við það eitt að skoða myndirnar varð Claus sannfærður um að þennan stað yrði hann að heimsækja. Tveimur mánuðum síðar var hann kominn til Djúpavíkur og það var ást við fyrstu sýn. „Það var eins og að koma heim, fyrir mig,“ segir Claus sem flutti til Íslands nokkrum árum síðar. Undanfarin sumur hefur hann unnið á hótelinu í Djúpavík og honum líður hvergi betur. „Ef ég er í Reykjavík eða Þýskalandi hugsa ég oft um Djúpavík og hlakka alltaf til að koma hingað og vera hér yfir sumarið.“ Landinn heimsótti Claus í Djúpavík. Umsjón: Þórgunnur Oddsdóttir og Karl Sigtryggsson.
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Treystið lækninum**
**21.00 Njósnarinn**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Í leynum** Bresk spennuþáttaröð í sex hlutum um lögmanninn Mayu sem er skipuð yfirsaksóknari og hefst handa við að rannsaka gamalt mál sem hana grunar að ekki hafi verið rétt staðið að. Á sama tíma reynir eiginmaður hennar af öllum mætti að hylma yfir sína eigin fortíð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Haltu mér, slepptu mér**
**00.05 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 BMW Championship** Útsending frá BMW Championship á PGA mótaröðinni.
**12.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**12.50 BMW Championship**
**16.50 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**17.45 Golfing World**
**18.35 BMW Championship**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 American Housewife**
**14.15 George Clarke's Old House, New Home**
**14.50 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Jane the Virgin**
**21.00 The Good Fight**
**21.50 Grand Hotel**
**22.35 i'm Dying up here**
**23.35 The Tonight Show**
**00.20 The Late Late Show**
**01.05 NCIS**
**01.50 Chicago Med**
**02.35 The Fix**
**03.20 Queen of the South**
**04.05 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Þjóðlagahátíð á Siglufirði**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur Montnasti penni á Íslandi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV Sögur - Krúnk krúnk og dirrindí**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Hringsól**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Tengivagninn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00 Swan Princess. A Royal Family Tale**
**12.25 Duplicity**
**14.30 Crazy, Stupid, Love**
**16.30 Swan Princess. A Royal Family Tale**
**17.55 Duplicity**
**20.00 Crazy, Stupid, Love**
**22.00 The Legend of Tarzan**
**23.50 Fahrenheit 451**
**01.30 The Duel**
**03.20 The Legend of Tarzan**

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 NCIS**
**10.20 Curb Your Enthusiasm**
**10.55 Nettir Kettir**
**11.50 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Britain's Got Talent**
**13.55 Britain's Got Talent**
**14.55 Britain's Got Talent**
**15.55 The Goldbergs**
**16.15 Seinfeld**
**16.35 Seinfeld**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 The Goldbergs**
**19.50 Puppy School**
**20.45 Succession**
**21.45 Our Girl**
**22.40 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.10 Veronica Mars**
**23.55 Wentworth**
**00.45 You're the Worst**
**01.15 Lucifer**
**02.00 Lucifer**
**02.45 Lucifer**
**03.30 S.W.A.T.**
**04.15 S.W.A.T.**

### STÖÐ 3

**19.15 Mom**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute UK**
**21.40 The Hundred**
**22.25 Supernatural**
**23.10 The Last Ship**
**23.55 Westworld**
**00.55 Mom**
**01.15 Seinfeld**
**01.40 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Huddersfield - Fulham** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**08.50 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**09.20 Natural Talent**
**10.10 Atletico Madrid - Getafe** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**11.50 Real Betis - Real Valladolid** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**13.30 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**14.00 KR - Víkingur R.** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**15.40 Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.20 Pepsi Max Mörk karla**
**18.50 Undanúrslit** Bein útsending frá undanúrslitaleik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**21.00 Denver Broncos - San Francisco 49ers** Útsending frá leik Denver Broncos og San Francisco 49ers í NFL.
**23.20 Minnesota Vikings - Seattle Seahawks** Útsending frá leik Minnesota Vikings og Seattle Seahawks í NFL.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ítalskir dagar

## Gæðavörur á góðu verði í Bónus




**879** kr./500 ml

**Himneskt Jómfrúar Ólífuolía**
Kaldpressuð, lífræn, 500 ml




**398** kr./100 g

**Ítölsk Hráskinka**
100 g




**698** kr./200 g

**Parmigiano**
Ítalskur ostur, 200 g

SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**498** kr./200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g




**169** kr./425 g

**Himneskt Maukaðir tómatar**
**Himneskt Tómatpassata**
Ítalskir, lífrænir tómatar, 425 g




**398** kr./280 g

**Ítalía Sólþurrkaðir Tómatar**
í ólífuolíu, 280 g




**398** kr./180 g

**Ítalía Pestó**
Rautt eða grænt, 180 g

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 25. ágúst eða meðan birgðir endast.

# Leiðangur Iceland Space Agency til Grímsvatna



Iceland Space Agency fór í vel heppnaða ferð til Grímsvatna, þar sem hópurinn dvaldi í sex daga við einangraðar aðstæður. Tilgangur ferðarinnar var að láta láta reyna á geimbúning hannaðan af iðnhönnuðinum Michael Lye, en hann starfar hjá bandarísku geimferðastofnuninni, NASA.

Iceland Space Agency, eða ISA, fór í leiðangur að Grímsvötnum, sem er eitt virkasta eldfjallasvæðið á Íslandi. Þar er landslagið mjög svipað því sem fyrirfinnst á heimskautasvæðunum á Mars. Aðstæðurnar á þessu einstaka landsvæði líkjast aðstæðum á öðrum plánetum og tunglum og gætu hjálpað vísindamönnum að skilja hvernig líf á Mars gæti þrifist.

Það eru mörg landsvæði á Íslandi sem líkjast Mars nógu mikið til að svona leiðangrar séu marktækir í vísindalegum tilgangi. Ferðir til Mars og langar tunglferðir þarfnast ekki einungis landfræðilegra aðstæðna sem líkjast þessum svæðum, heldur líka mikillar þjálfunar. Þá er mikilvægt að skoða hvernig samvinna hópsins þróast við erfiðar aðstæður yfir mánaða tímabil, stundum nokkurra ára, og það í einangrun.

Tilgangur ferðarinnar var einnig að láta reyna á geimbúning hannaðan af iðnhönnuðinum Michael Lye, en hann starfar hjá bandarísku geimferðastofnuninni, NASA. Þetta er meðal þess kemur fram í fréttatilkynningu frá hópnum.

„Ef menn ætla í alvöru að skoða möguleikana á langtímabúsetu manna á öðrum hnöttum þarf að byrja þá vegferð með því að gera vettvangsrannsóknir og prófanir á hliðstæðum jarðsvæðum eins og þeim sem hægt er að finna á Íslandi,“ segir Daniel Leeb, framkvæmdstjóri ISA, í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir Ísland bjóða upp á einstakt tækifæri vegna þess að hér séu landsvæði sem líkjast umhverfinu á Tunglinu og Mars.

„Á sama tíma er aðgengið tiltölulega auðvelt. Það eru ekki enn innviðir á Íslandi fyrir Íslendinga til að þjálfa sig í geimferðum eða að verða geimfarar. Við viljum skapa vettvang hér á landi þar sem hæft fólk þjálfar geimfara, innlenda sem erlenda.“

Hópurinn dvaldi í sex daga í skála með einungis einu herbergi. Í skálanum var ekkert rennandi vatn og vinnudagarnir hjá hópnum voru mjög langir og strangir. Samkvæmt kynningarstjóra hópsins, Sóleyju Arngrímsdóttur, var ferðin í heild afar vel heppnuð.

steingerdur@frettabladid.is



Efri röð frá vinstri: Alison Watson, Gunnar Guðjónsson, Helga Kristín Torfadóttir, Michael Lye, Benjamin Pothier og Sóley Arngrímsdóttir. Fyrir neðan eru Daniel Leeb og Dave Hodge. MYNDIR/DAVE HODGE



Geimbúningurinn var hannaður af iðnhönnuði sem starfar hjá NASA.



Í Grímsvötnum er eitt virkasta eldfjallasvæðið á landinu, en þar er landslagið líka svipað því sem fyrirfinnst á Tunglinu og Mars.

Hópurinn dvaldi í sex daga í skála með einungis einu svefnherbergi. Daniel fannst mikilvægt að kanna hvernig hópurinn ynni saman við erfiðar aðstæður í litlu rými, nokkuð sem er mikilvægt að gangi upp í geimferðum framtíðarinnar.



Daniel Leeb, framkvæmdastjóri ISA, segir Ísland bjóða upp á einstakt tækifæri vegna þess að hér séu landsvæði sem líkjast umhverfinu á Tunglinu og Mars.



Ferðin var afar vel heppnuð að sögn Sóleyjar Arngrímsdóttur, kynningarstjóra hópsins.




Helga Kristín Torfadóttir, doktorsnemi í eldfjallafræði við Háskóla Íslands, klæddist geimbúningnum.





Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |















Nína Hjálmarsdóttir stofnaði leikhópinn Sálufélagar ásamt Selmu Reynisdóttur árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skoða ímyndina sem Íslendingar selja

Á morgun verður verkið Independent Party People frumsýnt í Tjarnarbíói. Verkið unnu leikararnir í sameiningu, en í því er sú ímynd sem við Íslendingar reynum að selja út á við skoðuð.

Nína Hjálmarsdóttir er útskrifuð sem sviðshöfundur frá Listaháskóla Íslands. Hún stofnaði leikhópinn Sálufélagar árið 2015, ásamt dansaranum Selmu Reynisdóttur. Independent Party People er þeirra fjórða verk.

„Síðasta sumar unnum við með nokkurs konar uppkast að sýningunni og sýndum í Mengi. Í fyrsta verkinu okkar byrjuðum við strax að hugsa um þessa ímynd sem Ísland er að reyna að selja út á við. Í því höfum við skoðað hvernig litið er á okkur sem náttúrubörn, eins og við séum labbandi um fjöll alla daga að hlusta á Sigur Rós. Að hér ríki fullkomið jafnrétti og engin spilling,“ segir Nína.

Hún segir þær hafa áður skoðað þetta í verki sem þær sýndu í Amsterdam, þar sem þær lögðu einmitt þá spurningu fram hvort þær hafi mögulega verið fengnar til að sýna á hátíðinni vegna þessarar ímyndar okkar Íslendinga.

„Það var svona upphafið að því að við fórum að vinna með þessa hugmynd. Þetta verk snýst sem sagt um þessa ímynd sem við höfum ekki einungis selt útlendingum heldur líka okkur sjálfum. Þetta voru í raun markaðsherferðir sem fóru af stað eftir hrun, þar sem við höfum að selja okkur á þennan hátt og ber þar helst að nefna herferðina Inspired by Iceland.“

Hún segir að þessar herferðir hafi verið einstaklega útilokandi fyrir þau um 15 prósent sem hér búa sem eru af erlendum uppruna.

„Þetta snérist um rosalega hvíta ímynd. Í einu myndbandanna mátti svo sjá nakta konu í náttúrulaug sem kallaði á karlmann að koma til sín. Þar birtist þessi hugmynd sem er svo rótgróin, ímyndin um fjallkonuna og bara konuna almennt sett í samasemmerki við náttúruna.“

Aðferðin sem þau notuðu við gerð verksins kallast samsköpunarferli og sviðsetning sjálfsins.

„Við fengum leikarana Davíð Þór Katrínarson og Jónmund Grétarsson með okkur í verkið. Við vinnum verkið svo út frá okkur sjálfum, þannig að við erum í raun að leika útgáfur af okkur. Við sýnum líka öll vandamálin sem við höfum lent í ferlinu við að skapa verkið. Til að mynda sú staðreynd að við Selma erum hvítar og fengum dökka einstaklinga með okkur í verkið, hvaða orsakasamhengi er það?“

Hún segir fjölbreytileika vera mikið í tísku í dag, það hafi sést vel á Feneyjatvíæringnum í ár, þar sem hann var í forgrunni.

„En það þarf að skoða hver það er í raun og veru sem stjórnar þessu öllu. Það er staðreynd að um 85 prósent listrænna stjórnenda í heiminum eru hvítir karlmenn. Í sýningunni leikum við með hvar hvíta samviskubitið liggur í samfélaginu í dag, og hver sé rót þess. Svo skoðum við líka okkar eigið hvíta samviskubit,“ segir Nína.

> FYRIR MÉR ER LEIKHÚSIÐ LÍKA EINN AF ÞEIM FÁU STÖÐUM SEM EFTIR ERU ÞAR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ KOMA INN, SLÖKKVA Á SÍMANUM ÞÍNUM OG ÞÚ VERÐUR AÐ SITJA OG HORFA Á ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST.

Síðustu tvo mánuði hafa þau unnið verkið í sameiningu, skapað efnið og lesið fræðitexta.

„Verkið er lokaniðurstaðan, en ferlið er líka mjög mikilvægt. Við leikararnir sköpuðum verkið í sameiningu ásamt dramatúrgunum Brogan Davison og Pétri Ármannssyni. Þeir eiga líka stóran part í því að búa til þennan heim sem verkið er.“

Hún hvetur fólk til að mæta.

„Hlutverk sviðslistar í dag er líka svo áhugavert. Senan sem við erum í er frekar lítil og mjög tilraunakennd. Hún snýst mikið um að vinna með sjálfið. Fyrir mér er leikhúsið líka einn af þeim fáu stöðum sem eftir eru þar sem þú verður að koma inn, slökkva á símanum þínum og þú verður að sitja og horfa á það sem er að gerast. Þú verður að taka afstöðu til þess sem er að gerast. Það eru að mínu mati töfrar leikhússins, og þetta verk krefst þess að fólk taki einhvers konar afstöðu. En svo er verkið líka alveg ótrúlega fyndið,“ segir Nína hlæjandi.

Verkið er frumsýnt í kvöld í Tjarnarbíói. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


"it's finger lickin' good"
B.O.S.S BACON
BIG ORIGINAL SANDERS SANDWICH
1.299 kr.
Original kjúklingaborgari með beikoni, káli, lauk, osti, piparmajónesi og Boss sósu
KFC
1.999 kr.
Boss borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Prins Xtra

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Hauks Arnar Birgissonar



# Til þeirra sem málið varðar

Þegar maður sest niður og lætur hugann reika um það hvert viðfangsefni svona pistils eigi að vera þá stendur valið gjarnan á milli alvörugefins málefnis eða einhvers léttmetis. Með hinu alvörugefna umfjöllunarefni vonast maður til þess að hafa einhver áhrif á lesandann og skoðanamyndun hans en með léttmetinu freistast maður til þess eins að kalla fram bros á andlitið. Þegar fyrri kosturinn lendir ofan á, þá er eins gott að vanda valið því skilaboðin þurfa að vera mikilvæg og eiga erindi við þjóðina. Tilgangurinn er að gera samfélagið betra. Þetta er þannig pistill.

Í þessum pistli koma fram einhver þörfustu skilaboð sem ég get sent frá mér og er þeim beint að tilteknum hópi samfélagsins. Skilaboðin eru send fyrir hönd okkar hinna sem getum bara ekki meira. Við höfum setið þögul of lengi og látið of mikið yfir okkur ganga.

Kæru tónleikagestir, kæru vinir. Ég veit að það var gaman á Ed Sheeran tónleikunum, brekkusöngnum í Eyjum og öllum hinum tónleikunum sem þið føruð á í sumar. Stemningin, félagsskapurinn og fagrir tónarnir eru yndisleg upplifun og það jafnast fátt á við að syngja með undir berum sumarhimninum. Það sem þið virðist hins vegar ekki átta ykkur á, er að hljómgæðin, upplifunin og stemningin skila sér ekki í gegnum símana ykkar. Þið einfaldlega verðið að hætta að taka upp tónleika í heild sinni og senda okkur hinum á Snapchat, Instragram eða Facebook. Það finnst engum, og þá meina ég engum, skemmtilegt að horfa á slík myndbönd í símanum sínum. Trúið mér. Hættið þessu. Strax!




**Markaðurinn** er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.







Nova TV í Android TV 0 kr.



Tilboð

Android TV Mi Box 0 kr.

**Nova TV er komið á Android TV**
Vertu með Ljósleiðara hjá Nova, hröðustu nettengingu á Íslandi og fáðu Android TV Mi Box á 0 kr.

**Tilboð á Mi Andoid TV með ótakmörkuðum Ljósleiðara í 6 mánuði**

| | |
|---|---|
| **Útborgun** | **0 kr.** |
| Mánaðarleg greiðsla í 6 mán. | 1.690 kr. |
| Afsláttur af ótakm. Ljósleiðara í 6 mán. | -1.690 kr. |

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA